# FRÉTTABLAÐIÐ

215. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 15. SEPTEMBER 2015




**Grenitré felld** Nokkrir tugir grenitrjáa voru felldir við Miklubraut í gær vegna sitkalúsarfaraldurs. Að sögn Þórólfs Jónssonar, garðyrkjustjóra Reykjavíkur, voru lélegustu trén felld í von um að hin hressist. Tíminn verður svo að leiða í ljós hvernig til tekst. Fréttablaðið/GVA

## Börn gerendur í tugum mála

**Kynferðisofbeldi barna gegn börnum er litað af klámáhorfi, að mati forstöðukonu Barnahúss. Aðgengi að slíku efni sé meira nú en áður. Reynt er að sætta börnin eftir brot ef þolandinn hefur sjálfur áhuga á því.**

**OFBELDI** Á hverju ári koma tugir kynferðisbrota inn á borð Barnahúss þar sem barn brýtur gegn öðru barni. Í stórum hluta málanna er barnið, sem brýtur á öðru barni, ekki orðið sakhæft en er þó komið á þann aldur að hafa kynferðislegar hugsanir eða tilfinningar.

Ólöf Ásta Farestveit, forstöðukona Barnahúss, segir að ólíkt brotum fullorðinna gegn börnum eigi sér ekki stað svokallað „grooming“-ferli á undan. Það þýðir að börnin fara frekar beint inn í brotið í stað þess að vinna sér inn traust hjá þolanda og byrja smátt á brotunum. Hún telur að ofbeldið sé litað af klámi. Börn byrji að horfa á klám fyrr en áður. „Ég held að þar liggi rótin að þau eru svolítið að framkvæma það sem þau sjá. Sérstaklega í alvarlegustu málunum.“

Ólafur Örn Bragason sálfræðingur hefur tekið til meðferðar börnin sem brjóta á öðrum. Hann segir að öfugt við það sem margir haldi þá hafi tiltölulega fá þeirra sjálf orðið fyrir kynferðisofbeldi. „Það var mjög hátt hlutfall þar sem um einhvers konar þroskafrávik var að ræða. Margir með ADHD eða einhverfurófsgreiningar. Það einkennir þennan hóp,“ segir hann.

Hann segir margar kenningar vera uppi um hvers vegna sum börn brjóta á öðrum. Ýmislegt bendi til þess að misræmi á milli líkamlegs þroska og andlegs þroska spili þar inn í. „Þetta eru hvatvísir krakkar sem eiga margir hverjir erfitt með að setja sig í spor annarra.“

Hann segir að erlendar rannsóknir bendi til þess að börn brjóti aftur af sér í fimm til sjö prósentum tilfella. **– snæ**

### Kynferðisbrot barna gegn börnum 2006–2014

Fjöldi mála sem koma inn á borð Barnahúss





## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Öllum nema Norðmönnum finnst verðlagið á Íslandi hærra en heima hjá sér. 4

**FRÉTTIR** Hjón sem reka sýningu í Hellisheiðarvirkjun eru ósátt við að fá leigusamning ekki framlengdan. 8

**SKOÐUN** Erna Reynisdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir skrifa um börn á flótta. 13



HALLDÓR 12

**SPORT** Stelpurnar okkar æfa fyrir undankeppni EM 2017. 16

**MENNING** Sömu listakonur og sýndu á Kjarvalsstöðum fyrir 30 árum endurtaka sýninguna. 30

**LÍFIÐ** Tískuvikan í New York stendur sem hæst. 32

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


FOSSBERG EHF VÉLAVERSLUN

**FOSSBERGBLAÐIÐ**

fylgir með fréttablaðinu í dag..

## Veður



Norðaustanáttin verður allsráðandi í dag og má búast við vindi á bilinu 8-15 m/s, einna hvassast allra austast og undir Vatnajökli. Súld eða dálítil rigning norðan- og austanlands, en bjart að mestu suðvestan til á landinu. Hiti 6 til 15 stig, hlýjast syðst á landinu. SJÁ SÍÐU 24



Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár.

# Leita lausnar fyrir lesbíur

**STJÓRNSÝSLA** Þjóðskrá hefur óskað eftir fundi með tæknisæðingastofunni Art Medica til að bera undir hana hugmyndir Þjóðskrár og innanríkisráðuneytisins um lausn á deilum við lesbískar mæður.

Fréttablaðið hefur greint frá því á síðustu vikum að ekki gildi það sama um samkynhneigðar mæður og gagnkynhneigð pör. Móðirin sem ekki gengur með barnið þarf að skila inn staðfestingu frá Art Medica, sem er eina læknastofan á landinu sem sér um tæknifrjóvgun, um að hún hafi verið samþykk frjóvguninni og sé móðir barnsins.

Hugmyndir Þjóðskrár snúast um að spara mæðrunum pappírsvinnu svo fljótlega eftir fæðingu barns með því að Art Medica veiti upplýsingarnar sjálfkrafa við fæðingu. Þessu til stuðnings vísar Þjóðskrá í úrskurð Persónuverndar frá 2013 þar sem segir: „Er það mat Persónuverndar að upplýsingar um samþykki kvartanda, um að eiginkona hennar hafi undirgengist tæknifrjóvgunarmeðferð, teljist ekki viðkvæmar persónuupplýsingar um kvartanda þrátt fyrir að umræddar upplýsingar geti borið með sér viðkvæmar persónuupplýsingar um þriðja aðila, þ.e. maka hennar.“

„Ég get ekki sagt að þetta sé alveg í höfn þótt við séum búin að finna þarna leið sem okkur og ráðuneytinu líst vel á fyrr en við erum búin að fá samþykki fyrir þessu hjá Art Medica. Það er velvilji hjá ráðuneytinu að taka við þessum ábendingum og sjá hvað okkur er fært samkvæmt lagaumhverfinu,“ segir Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár. **– snæ**

# Fylgdust með þeim bestu á fótboltaæfingu



**Hressar á æfingu** Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu æfðu á Laugardalsvelli fyrir undankeppni EM 2017 í gær, en fyrsti leikurinn fer fram í næstu viku. Þessar hressu stelpur sátu í stúkunni og fylgdust með bestu leikmönnum íslenskrar kvennaknattspyrnu á opinni æfingu. Fréttablaðið/Pjetur

# Áttatíu kíló af MDMA

**LÖGREGLUMÁL** Efnin sem fundust um borð í Norrænu 8. september reyndust vera um 80 kílógrömm af MDMA. Fundust efnin í niðursuðudósum, varadekki bifreiðarinnar sem þau grunuðu voru á og tveimur gaskútum. Sá sem er grunaður um innflutning á efnunum hefur verið úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald. Hefur hann játað vitneskju um tilvist efnanna en segir að eiginkona sín hafi ekki vitað um þau.

Í úrskurði Héraðsdóms Austurlands þar sem varðhaldsdómur yfir hinum grunaða er staðfestur kemur fram að efnin hafi fundist í 14 niðursuðudósum, varadekki bifreiðar hjónanna og í tveimur gaskútum.

Efnin fundust í kjölfar áhættugreiningar tollsins á Íslandi í samvinnu við tollayfirvöld í Færeyjum og lögreglu á Íslandi. **– tpt**

# Vísað burt af Hlemmi eftir áratuga starfsemi

**Hlemmi verður lokað í vetur og rekstraraðilum vísað burt. Eigandi sjoppu á torginu er ósáttur við að fá engin svör frá Reykjavíkurborg um það hvort hann fái að halda áfram rekstri eftir endurbætur og hefur því sagt upp starfsfólki sínu.**

**SAMFÉLAG** Rekstraraðilum til tuga ára verður vísað burt af Hlemmi nú fyrir áramót en til stendur að efla þar mannlíf með fjölbreyttari starfsemi. Hlemmi verður lokað í vetur og farþegar og gestir munu ekki eiga þar skjól í vondum veðrum.

Sigvaldi Karlsson hefur rekið sjoppuna á Hlemmi í rúmlega tuttugu og eitt ár. Hann hefur sagt upp starfsfólki sínu og segist ekki fá svör frá borginni um það hvort hann fái að selja veitingar á nýju Hlemmtorgi.

„Það er búið að segja upp leigunni og ég er búinn að segja upp öllu mínu starfsfólki, það kemur ekki til vinnu eftir 1. nóvember. Ég vil vita hvort ég má leigja hér áfram eftir breytingarnar. Ég hef beðið um svör en engin fengið. Þá er ég ósáttur við að veitingaleyfið mitt sé boðið út án þess að það sé talað við mig.“

Hann segist hafa fengið nýjar upplýsingar í gær. Tafir á framkvæmdum valda því að hann fær að vera lengur. Mánuð í senn þar til framkvæmdir hefjast. „Ef ég fengi frest í þrjá mánuði, þá gæti ég kannski unnið með það en eins og staðan er í dag, þarf ég að vera með allar hillur hálftómar vegna óvissunnar.“

Ágústa Sigurðardóttir er ein þeirra sem hefur verið sagt upp störfum þann 1. nóvember. „Ég á eftir að sakna Hlemms, yfirmaðurinn er náttúrulega frábær. Það væri mikill missir að þessari sjoppu, sumu má bara ekki breyta, þetta er hluti af menningu okkar.“

Gunnlaugur Jósefsson stendur vaktina við Passamyndir sem hafa starfað á Hlemmi í þrjátíu og fimm ár. Hann segir margt hafa breyst á Hlemmi og úrbóta sé þörf.

„Það er oft löng röð af fólki að bíða eftir upplýsingum. Þetta fólk fær enga þjónustu og endar í einhverjum blindgötum. Það er mikið af ferðamönnum sem biðja um að fá að fara á klósettið. Klósettin úti eru alltaf að bila og fólk er að gera í buxurnar. Ég held að almenningur sé ekki alveg búinn að átta sig á því að hann verður rekinn út á gangstéttarbrún eftir sex vikur. Þá verður lokað hér. Fólk þarf bara að bíða undir þakkantinum sem míglekur.“



Ágústa Sigurðardóttir er ein þeirra sem missa starf sitt. Hún vinnur í sjoppunni og segir hana hluta af menningu borgarinnar. Fréttablaðið/Stefán

> **Klósettin úti eru alltaf að bila og fólk er að gera í buxurnar.**
> Gunnlaugur Jósefsson



Hlemmi verður lokað í vetur á meðan framkvæmdir standa yfir. Fréttablaðið/Stefán

kristjanabjorg@frettabladid.is

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju




Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí

15% afsláttur af öllum bragðtegundum af Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg

15% afsláttur
Gildir til 30. september 2015




**Það rúmast allt betur í nýjum Golf Variant Metan.**

Hvort sem þú ert á leið í ferðalag, á golfvöllinn eða vilt bara rúmgóðan bíl fyrir fjölskylduna er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, er ódýr í rekstri og gengur bæði fyrir metani og bensíni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

**Golf Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**

**3.190.000 kr.**

**Sjálfskiptur: 3.390.000 kr.**

**Das Auto.**

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Ísland dýrt fyrir alla nema Norðmenn

**Ferðamenn sem rætt var við á Laugaveginum voru sammála um að verðlag á Íslandi sé hátt þótt það hafi svo sem ekki endilega komið þeim í opna skjöldu. Undantekningin var Norðmaður sem sagði sama hvert hann færi; hlutir kostuðu alltaf minna en heima í Noregi.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það eina sem ég veit þegar ég ferðast frá Noregi er að verðlagið á staðnum sem ég fer til er lægra en heima,“ segir Kaj-Tore Nilsen, sem nýtur lífsins fyrir utan Lebowski bar á Laugavegi.

Kaj-Tore starfar hjá Eimskip í Tromsö og er hingað kominn í karlaferð með vinnufélögunum yfir helgi.

„Í gærkvöldi borgaði ég 200 þúsund krónur á veitingahúsi og það finnst mér alls ekki mikið enda vorum við ellefu saman,“ segir Kaj-Tore og bendir á að vegna lækkandi heimsmarkaðsverðs á olíu hafi norska krónan lækkað um þrjátíu prósent. „Það er samt enn ódýrara í öðrum löndum en þetta þýðir þó að fari ég með fjölskylduna til Flórída kostar það tíu þúsund dollurum meira en áður.“

Carina Kohnen frá Þýskalandi er hér ásamt vinkonu sinni. Þær höfðu varið tveimur vikum í að aka hringinn í kring um Ísland en eru að spóka sig á Laugaveginum þegar útsendarar Fréttablaðsins taka þær tali.

„Við tókum minnstu gerð af bílaleigubíl en hann kostaði samt 700 evrur sem okkur finnst mjög dýrt. Flest allt hér er mun dýrara en heima en við vorum reyndar búnar að sjá það á netinu. Reyndar sýnist mér bensínið hér ekki svo dýrt miðað við í Þýskalandi,“ segir Carina.

Denys Viliuthanin, sem er frá Kíev í Úkraínu, er hér ásamt konu sinni. Hann segir þau hafa ferðast um Ísland í tíu daga fyrir tveimur árum en nú gefi þau sér betri tíma og verði hér í þrjár vikur.

„Hér er auðvitað allt mun dýrara en heima en við vorum við því búin,“ segir Denys sem kveðst ekki sjá mun á verðlaginu á Íslandi nú og fyrir tveimur árum.

Dmitriy Avevyanov og Olena Viliuzhanina búa í Mosvku.

„Ég var hér í hópferð fyrir átta árum þar sem ég þurfti ekki að borga mat og slíkt en nú er ég hérna á eigin vegum með konunni minni og þá finnur maður betur fyrir hversu dýrir hlutirnir eru hér en við vissum það svo sem fyrirfram,“ segir Dmitriy sem kveðst hafa vissan skilning á háu verðlagi á Íslandi.

„Níutíu prósent af vörum í búðum hér virðast vera innfluttar og það kostar sitt. En það er eitt sem ég skil alls ekki. Ísland er eyja umkringd hafi og í því er nóg af fiski. Hvers vegna er fiskur hér þá svona svakalega dýr? Ég næ því bara ekki,“ segir Dmitriy Avevyanov.

gar@frettabladid.is



Kaj-Tore og ellefu manna hópur hans greiddi tæpar 200 þúsund krónur á veitingastaðnum Kopar. Hann var ánægður með það og gaf tíu prósent í þjórfé. Sjá má af reikningnum að hvítvín sem selt er á 3.700 krónur í Vínbúðum kostar 10.500 í Kopar og maturinn kostaði 9.900 á mann. Fréttablaðið/Anton Brink



Kaj-Tore Nilsen segir verðlag á Íslandi sanngjarnt og alls ekki svo hátt – að minnsta kosti ekki miðað við föðurland hans Noreg. Fréttablaðið/Anton Brink



Dmitry Avevyanov var á Íslandi fyrir átta árum og er nú mættur aftur með konu sína, Olena Viliuzhanina. Fréttablaðið/Anton Brink



Þetta par frá Úkraínu er hér í sinni annarri Íslandsheimsókn. Hann heitir Denys Viliuthanin en hún vildi ekki fá nafn sitt í blaðið. Fréttablaðið/Anton Brink

> Ísland er eyja umkringd hafi og í því er nóg af fiski. Hvers vegna er fiskur hér þá svona svakalega dýr? Ég næ því bara ekki.
>
> Dmitriy Avevyanov



Carina Kohnen er hér til hægri með vinkonu sinni sem vildi ekki segja til nafns en varð við því að stilla sér upp fyrir myndatöku. Fréttablaðið/Anton Brink






Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




GRILL 66

| | | |
|---|---|---|
| ÁLFHEIMUM | BORGARNESI | DALVÍK |
| GULLINBRÚ | STYKKISHÓLMI | REYÐARFIRÐI |
| NORÐLINGAHOLTI | SKAGASTRÖND | NESKAUPSTAÐ |
| MOSFELLSBÆ | SIGLUFIRÐI | HELLU |
| AKRANESI | ÓLAFSFIRÐI | SELFOSSI |

GRILL 66

ÞÚ FINNUR OKKUR Á OLÍS-STÖÐVUM

*Betra grill við veginn*



Rekstur Ísfélagsins hefur gengið vel undanfarið. fréttablaðið/óskar

# Ísfélag Vestmannaeyja malar gull

**SJÁVARÚTVEGUR** Hagnaður Ísfélags Vestmanneyja árið 2014 nam tæpum 3,2 milljörðum íslenskra króna. Eignir samstæðunnar í lok árs námu 36,8 milljörðum íslenskra króna. Bókfært eigið fé í árslok var tæpir 17 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall félagsins var 48,1%. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar námu rúmum 3,3 milljörðum íslenskra króna.

Ársverk samstæðu voru samtals 283, ársverk móðurfélags voru 270 og fækkaði um 20 milli ára. Hluthöfum fækkaði um tvo á árinu og voru 137 í lok árs. ÍV fjárfestingarfélag ehf. á um 88% útistandandi hlutafjár. Samstæðan á fjögur dótturfélög, Dala Rafn ehf., Fiskmarkað Þórshafnar ehf., Jupiter Shipping ehf. og IVM 2 ehf. – sg

# Fundað um flóttamannamál í Amman



**Leiðtogafundur** David Cameron, forsætisráðherra Breta, hitti í gær Abdullah II., konung Jórdaníu, í höfuðborginni Amman. Cameron heimsótti flóttamannabúðir í Líbanon og Jórdaníu og lofaði að veita aukinn stuðning til að berjast gegn flóttamannavandanum. NordicPhotos/AFP


## Fyrirlestur um sjálfsvíg

Dr. Óttar Guðmundsson geðlæknir flytur erindi um sjálfsvíg hjá Nýrri dögun, samtökum um sorg og sorgarviðbrögð 16. september n.k. í Safnaðarheimili Háteigskirkju.

**Fyrirlesturinn hefst kl. 20:30.**

Í kjölfarið fer af stað stuðningshópur fyrir aðstandendur sem misst hafa í sjálfsvígi.

Kaffiveitingar og allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

GRJÓNAGRAUTUR
alveg mátulegur



Nú einnig í litlum umbúðum– fullkominn skammtur fyrir einn

TILBÚINN TIL NEYSLU


# Vilja banna hljóðsprengjur við olíuleit

**Opið hús verður í Arctic Sunrise, ísbrjót Greenpeace-samtakanna, í Reykjavíkurhöfn á föstudaginn kemur. Skipið hefur hér viðkomu á leið sinni úr rannsóknarleiðangri við Grænland til heimahafnar í Hollandi.**

**FÉLAGASAMTÖK** Ísbrjótur Greenpeace, Arctic Sunrise, er væntanlegur til Reykjavíkur í kvöld. Skipið kom siglandi til Íslands frá Grænlandi á sunnudag og kastaði akkerum út af Arnarstapa laust eftir miðnætti aðfaranótt mánudags.

„Við vorum aðeins fyrr á ferðinni en við ætluðum,“ segir Sune Scheller, leiðangursstjóri í heimsskautavernd Grænfriðunga, en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir komu til Reykjavíkur á morgun, 16. september. Slæmt veður við Norðaustur-Grænland segir hann að hafi orðið til þess að haldið var fyrr af stað til Íslands en ráð hafði verið fyrir gert. „Við bíðum nú eftir því að fá stæði í höfninni, en köstuðum í millitíðinni akkerum hér, hinum megin við flóann frá Reykjavík.“



Hér er Arctic Sunrise í höfn á S-Spáni í júní síðastliðnum þegar Grænfriðungar tóku þátt í átakinu Umhverfið skiptir máli (The Environment Matters) í Sevilla. Í þessum mánuði hefur skipið skráð framferði olíufyrirtækja við hljóðsprengjuleit að olíu við norðurskautið. Fréttablaðið/EPA

Við Grænland segir Sune að skipverjar hafi skráð og flett ofan af framferði olíuleitarfyrirtækis sem notist við hljóðbylgjur sem framkallaðar eru með gríðaröflugum loftbyssum til að leita að olíu og gasi djúpt undir sjávarbotninum. Aðferðin, sem kölluð er „seismic blasting“, er sögð skaðleg öllum lífverum í hafinu, enda hávaðinn af hverri sprengingu gífurlegur. Skotið er á tíu sekúndna fresti, stanslaust sólarhringum saman og jafnvel mánuði í senn. Hávaðinn neðansjávar er sagður um 259 desibel, en það jafngildi 197,5 desibelum ofansjávar, eða viðlíka látum og áttföldum hávaða þotuhreyfils í flugtaki. Sársaukamörk mannfólks liggja við 125 desibel og hljóðhimnur geta rofnað við 140 til 150 desibel. Ofansjávar heyrist hins vegar lítið sem ekkert.

Greenpeace segir mikilvægt að fletta ofan af þessum rannsóknarháttum olíuleitarfyrirtækja sem viðhafðir séu í óbyggðum þar sem fáir veiti þessu athygli. Ljóst sé hins vegar að aðferðin geti stórskaðað og jafnvel drepið stór sjávardýr á borð við hvali, fyrir utan öll önnur áhrif.

Sune segir að skipið verði í höfn í Reykjavík fram á sunnudag en þá verði haldið aftur heim til meginlands Evrópu í heimahöfn í Amsterdam í Hollandi. „Við ætlum hins vegar að bjóða fólki að skoða sig um í skipinu áður en við förum, líkast til á föstudaginn átjánda milli eitt og fimm síðdegis,“ segir hann og vonast eftir fjölmenni. Þar fyrir utan noti skipverjar stoppið í Reykjavík til hvíldar og til að sækja vistir áður en haldið verði heim. olikr@frettabladid.is

# Á launum á leið í vinnuna

**KJARAMÁL** Launþegar, sem ekki eru með fasta starfsstöð, eiga að fá laun um leið og þeir ganga út um dyrnar heima hjá sér og þar til þeir eru komnir aftur heim að loknum vinnudegi samkvæmt nýjum dómi Evrópudómstólsins.

Á fréttavef norska miðilsins Dagens Næringsliv segir að dómurinn hafi í för með sér miklar breytingar fyrir til dæmis iðnaðarmenn, sölumenn, tölvuráðgjafa, ræstitækna og heilbrigðisstarfsmenn í heimahjúkrun sem ekki hafa fasta starfsstöð.



Halldór Grönvold

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir dóminn túlkun á ákvæðum vinnutímatilskipunar Evrópusambandsins sem innleidd hefur verið hér. Tilskipunin fjalli ekki um launamál heldur hvíldartímareglur.

Halldór bendir á að málið fyrir Evrópudómstólnum hafi fjallað um virkan vinnutíma starfsmanna á Spáni sem setja upp öryggisbúnað en eru ekki með fasta starfsstöð. „Það kann að vera að þetta geti haft áhrif hér. Við getum tekið sem dæmi iðnaðarmann í byggingavinnu sem fer einn daginn í Grafarvog og næsta dag í Kópavog en er ekki með fasta starfsstöð. Ef menn eru með fasta starfsstöð hefur þetta engin áhrif."

Að sögn Halldórs kann úrskurður dómstólsins að hafa önnur og víðtækari áhrif þar sem kjarasamningar eru með öðrum hætti en hér. – ibs




## Kynntu þér Toyota FLEX

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

RAV4 gerir stormandi lukku hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Með öllum RAV4 bílum sem afhentir verða fyrir lok nóvember fylgir ævintýralegur aukahlutapakki að verðmæti ríflega 560.000 kr. og þar að auki **þrefaldir Vildarpunktar frá Icelandair**.

Stormaðu til næsta söluaðila Toyota sem fyrst, fjöldi bíla er takmarkaður.
Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| **Toyota Kauptúni** | **Toyota Akureyri** | **Toyota Reykjanesbæ** | **Toyota Selfossi** |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í september****

*Alls 45.000 Vildarpunktar.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



**Sólveig Eiríksdóttir er eigandi veitingastaðarins Gló.** Fréttablaðið/Stefán

# Seldu heilsufæði fyrir hálfan milljarð

**VIÐSKIPTI** Gló veitingar ehf. sem rekur veitingastaði og verslun undir heitinu Gló seldi vörur fyrir 572 milljónir króna á síðasta ári. Sala jókst um tæpar 150 milljónir milli ára. Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2014 að fjárhæð 11,9 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi, samanborið við fimm milljónir árið áður.

Eigið fé félagsins var neikvætt um 19,4 milljónir króna, þar af nemur hlutafé félagsins 540 þúsund krónum. Eignir í lok árs námu 233 milljónum, samanborið við 66 milljónir í árslok 2013.

Á árinu störfuðu að meðaltali 40 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 196,9 milljónum króna. **– sg**



**Heiða Kristín tekur sæti í fjarveru Bjartar Ólafsdóttur.** Fréttablaðið/Stefán

# Heiða Kristín og Brynhildur á Alþingi

**STJÓRNMÁL** Heiða Kristín Helgadóttir tók sæti Bjartar Ólafsdóttur á þingfundi í gær, en sú síðarnefnda ól tvíbura á dögunum og er núna í fæðingarorlofi. Þá tók Brynhildur Björnsdóttir tímabundið sæti Óttars Proppé, nýkjörins formanns Bjartrar framtíðar. Bæði Heiða Kristín og Brynhildur hafa áður tekið sæti á Alþingi í fjarveru aðalmanna. **– jhh**



**Hjónin Auður Björg Sigurjónsdóttir og Kristinn Gíslason hafa síðan árið 2011 byggt upp ferðaþjónustu í Hellisheiðarvirkjun í gegn um fyrirtæki sitt, Orkusýn. Samningur við OR rennur út í október.** Fréttablaðið/Vilhelm

# Fjögurra ára uppbygging fyrir bí

## Hjón sem hafa rekið jarðhitasýningu í Hellisheiðarvirkjun í fjögur ár eru ósátt við að leigusamningur þeirra hafi ekki verið endurnýjaður. Þau segja dótturfyrirtæki OR ætla að reka sýninguna á þeirra uppbyggingu.

**VIÐSKIPTI** „Þegar litla gula hænan var búin að þreskja korn og baka brauðið þá komu aðrir til að éta það. Það er akkúrat það sem er verið að gera hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í dag,“ segir Kristinn H. Gíslason, en hann og kona hans, Auður Björg Sigurjónsdóttir, hafa rekið jarðhitasýningu í Hellisheiðarvirkjun síðan í mars 2011. Dótturfélag OR, Orka náttúrunnar (ON), hefur ákveðið að endurnýja ekki leigusamning við hjónin, sem rennur út í október, og sjá sjálft um sýninguna.

Forsagan er sú að Auði var sagt upp sem deildarstjóra hjá kynningardeild OR árið 2010 í fjöldauppsögnum. Leiga á sýningarrými Hellisheiðarvirkjunar var svo boðin út og Auður og Kristinn hófu rekstur á sýningunni í mars árið 2011. „Við rákum þetta með bullandi tapi fyrstu tvö árin. Svo var afkoman orðin mjög þokkaleg. Fyrsta árið gaf okkur um tuttugu þúsund gesti en á síðasta ári komu 94 þúsund gestir. Við greiddum OR tíu milljónir í húsaleigu á síðasta ári fyrir að kynna þá og nú á bara að úthýsa okkur og greiða ekki neitt fyrir það, einhverja smáaura,“ segir Kristinn.

Samkvæmt Kristni hefur ON boðið þeim að borga fyrir efnislega hluti sem þau hafa keypt inn í sýningarrýmið og 1,2 milljónir aukreitis fyrir viðskiptavild og dagbók um staðfestar bókanir fram á næsta ár. „En staðfestu bókanirnar jafngilda peningum upp á 28 milljónir. Það á sem sagt að fá allt fyrir ekkert.“

Uppbygging hjónanna hefur meðal annars falist í því að hafa leiðsögumann með ferðum um virkjunina og að hafa kynningarupptöku á níu tungumálum. Kristinn spáir því að ON muni tapa á því að taka reksturinn yfir. „Á fyrsta árinu tapa þeir þessum tíu milljónum sem þeir fengu í húsaleigu hjá okkur. Svo hafa svörin frá ferðaþjónustunni til okkar verið þannig að hún er með okkur. ON á eftir að tapa á rekstrinum svona fimmtán til tuttugu milljónum. Og hvar ætla þeir að fá það? Úr vasa orkukaupandans?“

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR og ON, segir að samningurinn við hjónin hafi fyrst verið til tveggja ára og svo framlengdur. Ákvæði banni að hann verði framlengdur aftur. Það hafi valið staðið á milli þess að bjóða leiguna út aftur, sem hefði getað farið til þeirra ef þau hefðu haft besta boð, eða að hætta leigu á húsnæðinu. „Meðal þess sem hefur breyst frá því þetta var boðið út 2010 er að nú er komið nýtt fyrirtæki sem rekur þessar virkjanir. Það er fyrirtæki sem starfar alfarið á samkeppnismarkaði. Þar á bæ finnst mönnum eðlilegt að fyrirtækið sjái sjálft um að kynna sig og sína starfsemi.“

> **Meðal þess sem hefur breyst frá því þetta var boðið út 2010 er að nú er komið nýtt fyrirtæki sem rekur þessar virkjanir.**
>
> Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR og ON



Eiríkur segir að þegar samningnum var að ljúka hafi viðræður verið teknar upp við félag hjónanna. „Þá komu fram kröfur um rúmar fjórutíu milljónir. Það er óhemju há fjárhæð að greiða leigjanda þegar leigusamningi lýkur.“ **snaeros@frettabladid.is**






**Sæstrengur lagður til Vestmannaeyja.** Mynd/Landsnet

# Sæstrengur verði frá Austurlandi

**ORKUMÁL** „Núverandi staða þar sem fyrirtæki á Austurlandi þurfa að sæta skerðingu á afhendingu raforku, er óásættanleg og uppbygging á því kerfi verður að vera forgangsverkefni,“ segir bæjarráð Fljótsdalshéraðs sem kveður mikilvægt að styrkja flutningskerfi raforku innanlands og þá sérstaklega til og frá Austurlandi.

„Komi að því loknu til lagningar sæstrengs til Evrópu lítur bæjarráð svo á að öll rök séu fyrir því að tengja hann inn á Austurland og telur ýmsar þær röksemdir sem tilgreindar eru í drögum að kerfisáætlun varðandi tengingu sæstrengs ekki eiga rétt á sér,“ ályktar bæjarráðið. **– gar**




20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN




NISSAN X-TRAIl LE
Nýskr. 02/12, ekinn 66 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 103018

Frábært verð!
4.540 þús.



RENAULT CLIO AUTHENTIC
Nýskr. 06/14, ekinn 31 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 142957.



NISSAN QASHQAI+2 / 7 sæta
Nýskr. 10/11, ekinn 71 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.780 þús.
Rnr. 142927.



LAND ROVER DISCOVERY 4S
Nýskr. 05/12, ekinn 94 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 8.650 þús.
Rnr. 320335.



KIA SORENTO
Nýskr. 06/12, ekinn 62 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.290 þús.
Rnr. 310119.



HYUNDAI IX20 COMFORT
Nýskr. 07/14, ekinn 11 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.590 þús.
Rnr. 120763.



HYUNDAI i10 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 69 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.850 þús.
Rnr. 120752.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




### Fimm sinnum skipt um forsætisráðherra á átta árum



**Kevin Rudd**
**Verkamannaflokkur**
**3. desember 2007 – 24. júní 2010**
Tapaði fyrir Juliu Gillard í leiðtogakosningum flokks síns.



**Julia Gillard**
**Verkamannaflokkur**
**24. júní 2010 – 27. júní 2013**
Tapaði fyrir Kevin Rudd í leiðtogakosningum flokks síns.



**Kevin Rudd**
**Verkamannaflokkur**
**27. júní 2013 – 18. september 2013**
Verkamannaflokkurinn tapaði fyrir Frjálslynda flokknum í þingkosningum.



**Tony Abbott**
**Frjálslyndi flokkurinn**
**18. september 2013 – september 2015**
Tapaði fyrir Malcolm Turnbull í leiðtogakosningum flokks síns.



**Malcolm Turnbull**
**Frjálslyndi flokkurinn**
**September 2015 - ????**

# Ágreiningur innan flokka orsakar ólgu

Ástralar skiptu í gær um forsætisráðherra í fimmta sinn á átta árum. Malcolm Turnbull sigraði leiðtoga Frjálslynda flokksins, Tony Abbott, í leiðtogakjöri.

**ÁSTRALÍA** Nýr forsætisráðherra tók við völdum í Ástralíu í gær í fimmta sinn á átta árum þegar Malcolm Turnbull sigraði fráfarandi forsætisráðherra, Tony Abbott, í leiðtogakjöri Frjálslynda flokksins. Boðað var til leiðtogakjörs í kjölfar átaka innan flokksins síðustu mánuði auk þess sem fylgi hefur minnkað. Turnbull hlaut 54 atkvæði í kjörinu en Abbott 44.

Í þrjú af fimm skiptum sem skipt hefur verið um forsætisráðherra hefur ástæðan verið sú að leiðtogakjör hefur farið fram innan þess flokks sem fer með forsætisráðuneytið hverju sinni. Julia Gillard sigraði Kevin Rudd í leiðtogakjöri Verkamannaflokksins áður en hann hefndi sín í næsta leiðtogakjöri. Lækkandi fylgistölur voru meginástæða leiðtogakjörs í bæði skipti.

„Það er ótrúlegt að við höfum tvisvar sinnum séð forsætisráðherra hrökklast úr embætti á sínu fyrsta kjörtímabili. Þetta sýnir hversu mikil ólga er innan þessara stærstu flokka landsins,“ hefur fréttastofa Reuters eftir Rod Tiffen, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann í Sydney.

Abbott bakaði sér óvinsældir samflokksmanna vegna skorts á samráði og bannaði meðal annars þingmönnum sínum að kjósa með frumvarpi um að samkynja pör mættu giftast. Í febrúar síðastliðnum náði hann að sigra Luke Simpkins, sem skoraði á hann í leiðtogakjöri, en nú laut hann í lægra haldi.

„Þessi ríkisstjórn mun leggja áherslu á frelsi einstaklingsins og markaðarins,“ sagði Turnbull í gær. Áherslur hans eru sagðar frjálslyndari en fyrirrennarans. Hann er fylgjandi hjónavígslum samkynja para, stofnun ástralsks lýðveldis, aðskilnaði frá bresku krúnunni og hertum áherslum í umhverfismálum. Fjölmiðlar í Ástralíu varpa nú fram spurningunni hvort það dugi til að snúa við fylgi flokksins, sem mælist tíu prósentustigum lægra en hjá Verkamannaflokknum.

**thorgnyr@frettabladid.is**


Haust

HAUST FJÖLSKYLDAN STÆKKAR
LJÚFFENGT PAR SEM ALLIR ELSKA




HEILHVEITIKEXIÐ HEFUR EIGNAST FULLKOMINN JAFNINGJA
– NÝJA HAUST HAFRAKEXIÐ

Haust
GRAHAMSKEX
WHOLE WHEAT BISCUITS

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" 8 - 32mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

**8.900** m/vsk
Fullt verð 12.258



## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**15.900** m/vsk
Fullt verð 22.663





7 SKÚFFUR

## SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 177.750 m/vsk

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**21.900** m/vsk
Fullt verð 33.361



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**26.900** m/vsk
Fullt verð 38.048





7 SKÚFFUR

## PRO PLUS SERIA

282 verkfæri 197.511 m/vsk

## TOPPASETT 17 STK



3.900 m/vsk

## BITASETT 31 STK



1.290 m/vsk

## SNITTSETT 40 STK



7.900 m/vsk

TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 150 STK

... 1/2" 4 - 32 mm
... 6 - 24mm,
... ngir, sexkantasett
... ar, kraftöng
Nippillyklar og fl.

vnr IBTGCAI150R

**34.900** m/vsk
Fullt verð 53.600





3.900 m/vsk



16.900 m/vsk



8.900 m/vsk






## NÝ VERSLUN

Skútuvogi 1, Reykjavík

**www.sindri.is / sími 575 0000**

Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

# Slumpað á þörfina



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Enn kvartar ríkissaksóknari yfir skertu fjármagni frá ríkissjóði. Embættið fær 32 milljónum minna framlag en í fyrra. Alls verður það lækkað um 50 milljónir króna vegna verkefna sem færast til embættis héraðssaksóknara með breyttri skipan ákæruvalds. Á móti koma 20 milljónir til þess að ráða í tvö ný stöðugildi. Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari segir reyndar að þessi tvö stöðugildi kosti sex milljónum meira – en vonast til að um reiknivillu sé að ræða. Gert er ráð fyrir að með því verði embættið eflt og lögð áhersla á eftirlit með rannsóknum og meðferð ákæruvalds, eftirlit með hlustunum og sérstökum rannsóknaraðferðum og fleira.

Í Fréttablaðinu í gær segir Sigríður að mörg ný verkefni bætist við hjá embættinu með héraðssaksóknurum. Hún býst við mörg hundruð kærumálum vegna kynferðisbrotamála, en því var nýlega breytt að ákvörðun um saksókn í kynferðisbrotamálum verður ekki lengur á forræði ríkissaksóknara. Því verður hægt að kæra ákvarðanir um niðurfellingu slíkra mála til embættisins, eins og í öðrum málaflokkum.

Í viðtali við Fréttablaðið í október í fyrra sagði Sigríður embættið ekki geta sinnt sínum lögbundnu skyldum eins og best yrði á kosið með því fjármagni sem því er úthlutað. „Maður hefur náttúrulega verið með í maganum yfir því að málsmeðferðartíminn er að lengjast. Er andvaka yfir því,“ sagði hún.

Það var tími til kominn að endurskipuleggja réttarvörslukerfið og því rétt að hrósa því sem vel er gert. Það fyrirkomulag að enginn kostur væri á málskoti í málum sem ríkissaksóknari fer með ákæruvald í var óásættanlegt og í raun og veru óskiljanlegt.

Í skýrslu ríkisendurskoðanda frá því fyrr á árinu um embætti ríkissaksóknara kemur fram að frá 2008 hafi innanríkisráðuneytið ekki óskað eftir fjárlagatillögum frá embættinu sem byggi á raunverulegri fjárþörf þess til að geta sinnt hlutverki sínu. Engin breyting hefur orðið þar á og fátt er um svör frá ráðuneytinu samkvæmt skýrslunni. Varað var við frekari niðurskurði hjá embættinu.

Vert er að spyrja hvernig sú fjárhæð er fengin út sem ákveðið er að úthluta eins mikilvægri stofnun og æðsta handhafa ákæruvalds landsins. Ekki virðist vera sem embættinu sjálfu sé gert að leggja fram neinar upplýsingar. Þar að auki virðist slumpað á þær fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að aukastarfskraftur kosti.

Með breyttri löggjöf er vissulega ákveðnu fargi af embætti ríkissaksóknara létt. En samtímis eru verkefnin aukin og nýjum bætt við. Þeim tveimur starfsmönnum sem embættið hefur kríað út eftir dúk og disk fylgir ekki nægilegt fjármagn. Og í ofanálag er skorið niður.

Álag getur verið ágætt. En þegar fólk er hætt að sofa þarf að staldra við og endurhugsa málin. Undir sífelldu álagi er hættara við að fólk geri mistök. Starfsmenn embættis ríkissaksóknara eru bara fólk eins og við hin. En mistökin þeirra eru með þeim allra dýrustu – bæði fyrir sakborninga og fórnarlömb afbrota.

**Vert er að spyrja hvernig sú fjárhæð er fengin út sem ákveðið er að úthluta eins mikilvægri stofnun og æðsta handhafa ákæruvalds landsins.**


## Auglýsing
### frá Samtökum eigenda sjávarjarða

Samtök eigenda sjávarjarða, sem eru samtök hlutaðeigenda í sjávarauðlindinni, óska hér með eftir lögfræðingi eða lögfróðum manni (endurskoðanda, fasteignasala) til að vinna að innheimtu gjalds fyrir afnot af lögbundnum og sjórnarskrárvörðum eignarréttindum sjávarjarða eða ráðstöfun þeirra réttinda. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur gefið út það álit sitt, að réttur þessi sé lögformleg eign eigenda sjávarjarða í samræmi við 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópuráðsins.

Kostnaður vegna vinnu yrði til að byrja með greiddur í samræmi við árangur í starfi en útlagður kostnaður greiddur að fullu.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Ómar Antonsson, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða,
Horni, Höfn í Hornafirði,
s. 478 2577 eða 892 0944.
Netfang: omarantons@gmail.com
eða: ses.netlog@gmail.com
Heimasíða samtakanna er: **www.ses.is**


## Halldór




## Frá degi til dags

**Forræðishyggjan algjör**
Ekki er búið að leysa þá flækju hjá Þjóðskrá og innanríkisráðuneytinu að lesbískar mæður þurfi að staðfesta hvernig barn þeirra kom undir. Sú lausn sem er í sjónmáli miðar einungis við það að barn sé getið með tæknifrjóvgun og erlendu gjafasæði en tekur ekki með í reikninginn þau börn sem koma undir með náttúrulegum hætti. Þetta er auðvitað fáránleg forræðishyggja og hnýsni. Það er með ólíkindum að ríkið fari fram á að vita hvernig barn kemur undir þegar mæðurnar eru tvær en ekki þegar foreldrarnir eru af gagnstæðu kyni. Samt er mun líklegra að barn gagnkynhneigðra sé rangfeðrað eða það hafi komið undir við aðstæður sem henta ekki rúðustrikuðum hugmyndum ríkisins um fjölskyldur.

**Lappirnar dregnar**
Enn er beðið eftir því að stjórnvöld taki ákvörðun um fjölda flóttamanna sem fái að koma hingað til lands. Á meðan eykst krísan fyrir botni Miðjarðarhafs hratt. Það er beinlínis ljótt að embættismenn rýni í Excel-skjöl um úrræði í íslensku velferðarkerfi, og stimpli sig svo út klukkan fimm á daginn, á meðan börn sofa undir brennandi heitri sólinni á strönd, heppin að hafa komist lífs af, og eiga eftir að leggja undir fót hundruð kílómetra í átt til betra lífs.

**snaeros@frettabladid.is**

# Íbúðir fyrir alla



Silja Dögg Gunnarsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Í velferðarþjóðfélagi eins og Íslandi eiga allir að eiga kost á húsnæði við hæfi. Fjölbreytt framboð húsnæðis verður að vera tryggt og verðlag í samræmi við meðallaun. Því miður er húsnæðiskerfið á Íslandi ennþá vanþroskað og því er mikilvægt að við lítum til nágrannalanda okkar og lærum af því sem þau gera vel á þessu sviði.

**Samvinnan**
Aðgerðir til úrbóta í húsnæðismálum landsmanna eru forgangsverkefni. Í fjárlögum 2016 er gert ráð fyrir að 2,64 milljörðum króna verði samtals varið til uppbyggingar á félagslegu húsnæði og í nýtt húsnæðisbótakerfi.

Þann 28. maí sl. sendi ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði. Í henni kemur fram að ríkið skuldbindi sig, ásamt ASÍ, BSRB, BHM og fleiri samtökum, til að skapa bætt skilyrði fyrir uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Stefnt verður að því að fjölga hagkvæmum og ódýrari íbúðum til að tryggja tekjulágum fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma.

**Fleiri íbúðir-lægra verð**
Samkvæmt yfirlýsingunni verður félagslega leigukerfið fjármagnað með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga sem nema um 30% af stofnkostnaði. Framlag ríkis og sveitarfélaga, auk annarra þátta ættu að jafnaði að leiða til þess að leiga einstaklings með lágar tekjur nemi ekki hærra hlutfalli en um 25 % af tekjum viðkomandi. Dæmi: Manneskja með 300 þús. kr. í laun greiðir þá að hámarki 65 þús.kr. í húsaleigu.

Gert er ráð fyrir að byggðar verði 2.300 íbúðir á næstu fjórum árum, max. 600 á ári. Sumum þykir sú upphæð sem ætluð er í þetta verkefni á árinu 2016 lág en þegar rýnt er í forsendur þá kemur í ljós að útreikningar gera m.a. ráð fyrir breytingum á byggingarreglugerð og lækkun lóða og gatnagerðargjalda. Það mun skila sér í lægri byggingarkostnaði. Með þessum hætti verður mögulegt að veita tekjulágum fjölskyldum, sem hingað til hafa ekki átt kost á íbúðum í félagslegu kerfi sveitarfélaganna, aðgang að ódýru og öruggu leiguhúsnæði.

Nú þurfum við að taka höndum saman, leggja pólitíkina til hliðar og byggja upp fjölbreytt húsnæðiskerfi.

**Fjölbreytt framboð húsnæðis verður að vera tryggt og verðlag í samræmi við meðallaun.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Börn á flótta – Hvað gerum við?




Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri

Sigríður Guðlaugsdóttir
verkefnastjóri kynningarmála, Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Myndir af líkum barna og fullorðinna sem drukkna á flótta yfir Miðjarðarhafið hafa birst reglulega í fjölmiðlum upp á síðkastið. Við sjáum að aðstæður þeirra flóttamanna sem komast til Evrópu eru skelfilegar. Skortur er á vatni, húsaskjóli og mat – og við slíkar aðstæður eru börn viðkvæmust.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa miklar áhyggjur af þeim fjölda flóttabarna sem hafa flúið til Evrópu á síðustu mánuðum í von um betra líf, ekki síst þeim sem eru án fjölskyldna sinna. Yfir tvær milljónir sýrlenskra barna hafa flúið heimaland sitt og eru ýmist í flóttamannabúðum eða á ferðlagi frá Sýrlandi. Um 2.000 fylgdarlaus flóttabörn hafa komið til Ítalíu og hátt í 150.000 sýrlensk börn hafa fæðst utan landsins frá því að átökin hófust fyrir fjórum og hálfu ári síðan.

**Innan landamæra Sýrlands**

Milljónir barna sem enn búa innan landamæra Sýrlands eiga á hættu að verða fyrir sprengjuárásum, ofbeldi, að missa foreldra sína eða tapa eigin lífi – eins og 10.000 börn hafa þegar gert. Örvinglaðir foreldrar hafa engan annan kost en að flýja heimaland sitt þar sem hungur, rjúkandi rústir og brostnir innviðir minna á að dapurleg framtíð blasir við þeim sem eftir sitja. Um tvær milljónir barna hafa flúið land en innan Sýrlands eru 3,5 milljónir barna á flótta.

Um þrjár milljónir sýrlenskra barna njóta ekki réttar síns til menntunar og það hefur áhrif á framtíðarmöguleika þeirra.

Barnaheill – Save the Children hafa dreift mat, drykkjarvatni, lyfjum og skjóli til barna og fjölskyldna þeirra. Samstarfsaðilar okkar hætta lífi sínu til að koma lífsnauðsynlegri hjálp til torfarinna svæða í Sýrlandi. Sem frjáls félagasamtök njótum við góðs af hlutleysi í stjórnmálum og það eflir mannúðarstarf okkar á þessu svæði.

**Í flóttamannabúðum**

Barnaheill – Save the Children vinna í Jórdaníu, Líbanon, Írak, Egyptalandi og Tyrklandi að því að dreifa matarmiðum, matarpökkum og brauði til að hjálpa börnum að fá nægilega næringu. Til að vernda flóttabörn frá kuldanum er teppum dreift til fjölskyldna. Gefin hafa verið segl til að skýla þeim sem búa í tjöldum eða skemmdum byggingum og útbúin eru örugg svæði þar sem börn geta leikið og lært.

**Á flótta**

Í skjóli nætur koma rúmlega 1.000 flóttamenn til Grikklands á hverjum sólarhring. Á þessu ári er heildartala sýrlenskra flóttamanna til landsins komin í 130.000 manns og stefnir í að ná 200.000 fyrir áramót. Auk þess streyma þúsundir til landa Evrópusambandsins í von um betra líf.



> **Stórauka þarf fjármagn til neyðaraðstoðar og taka á móti fleiri flóttamönnum til landsins.**

Til að styðja flóttabörn og fjölskyldur þeirra í Grikklandi er unnið að því að tryggja að börn séu líkamlega örugg, fái nægilegan mat og sálrænan stuðning. Bleyjum, hreinlætisvörum og fæðu er dreift til barna og fjölskyldna þeirra. Um þessar mundir er unnið að átaki við að koma upp skjóli og tryggja matargjafir áður en veturinn skellur á, en áhersla er á vernd barna.

Á Ítalíu er unnið á móttökustöðvum við að mæta þörfum barna og stuðla að bæði líkamlegu og andlegu heilbrigði. Þetta er gert í formi matar, lyfja, fata, hreinlætisaðstöðu og lögfræðiaðstoðar til fjölskyldna.

**Ákall til þjóðarinnar**

Vandinn er risavaxinn og meiri en svo að einstaka ríki geti borið ábyrgð á þeim gífurlega fjölda fólks sem flæðir til Evrópu. Okkur ber öllum siðferðisleg skylda til að rétta fram hjálparhönd til þeirra sem flýja stríðsátök og að tryggja að þær milljónir barna sem búa innan Sýrlands séu verndaðar gegn ofbeldinu.

Barnaheill – Save the Children hafa gefið út neyðarkall til allra Evrópulanda og skorað hefur verið á íslensk stjórnvöld að bregðast við ástandinu tafarlaust. Stórauka þarf fjármagn til neyðaraðstoðar og taka á móti fleiri flóttamönnum til landsins, ekki síst börnum og fjölskyldum þeirra, sem og fylgdarlausum börnum. Gæta þarf sérstaklega að því varðandi börn sem eru fylgdarlaus að fullreynt hafi verið að finna fjölskyldur þeirra.

Barnaheill hvetja fyrirtæki til að styðja starf hjálparsamtaka og höfða til samfélagslegrar ábyrgðar þeirra, sérstaklega fyrirtækja sem geta greitt arð. Einnig hvetjum við hinn almenna borgara til að styðja starfið og bjarga þannig lífi flóttafólks.

Hægt er að styðja mannúðarstarf Barnaheilla – Save the Children með því að hringja í söfnunarsímann 904 1900 fyrir 1.000 króna stuðning, eða með því að leggja inn upphæð að eigin vali á reikning 336-26-58, kt. 521089-1059.





KIA
The Power to Surprise

**Útborgun aðeins 349.777 kr.**

**cee'd** fjölskyldan frá Kia samanstendur af **cee'd** og **cee'd Sportswagon**, sem er rúmbetri og hentar því vel þar sem þörf er á meira rými fyrir farangur. Bílarnir eru allir einstaklega sparneytnir og eyða frá 4,1 l/100 km. Hiti í stýri er staðalbúnaður. 7 ára ábyrgð er á öllum nýjum Kia bílum.

**Kia Ceed bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **3.440.777** kr.
Eða **52.130 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Kia Ceed Sportswagon LX 1,4 — dísilbíll.

*Mánaðarleg afborgun miðast við 10% útborgun og bilalán til 84 mánaða. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Gæði á góðum verðum




Takmarkað magn

## iPad mini 3

| | | | |
|---|---|---|---|
| iPad mini 3 WIFi | 16GB | **59.990.-** | (19stk) |
| iPad mini 3 WIFi | 64GB | **79.990.-** | (14stk) |
| iPad mini 3 WIFi +4G | 16GB | **84.990.-** | (17stk) |
| iPad mini 3 WIFi | 128GB | **94.990.-** | (5stk) |
| iPad mini 3 WIFi +4G | 64GB | **99.990.-** | (5stk) |
| iPad mini 3 WIFi +4G | 128GB | **114.990.-** | (6stk) |



ZIPP fylgir með

## Libratone Diva

eru magnaðir hátalarar með ótrúlegum hljómgæðum sem hægt er að hengja upp á vegg eða leggja á borð eða hillu.

**Verð: 148.990.-**

LIBRATONE

Frábær hljómur - Einstök hönnun



**Libratone ZIPP**
fylgir með Diva hátölurum meðan birgðir endast.
Fullt verð: **44.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar




Takmarkað magn

# iPad mini

| | | | |
|---|---|---|---|
| iPad mini Wi-Fi | 16GB | **39.990.-** | (1stk, verslun Laugavegi) |
| iPad mini 2 Wi-Fi | 16GB | **49.990.-** | (40stk) |
| iPad mini 2 Wi-Fi | 128GB | **79.990.-** | (1stk, verslun Laugavegi) |
| iPad mini 2 WiFi+4G | 128GB | **94.990.-** | (1stk, verslun Laugavegi) |

# Ókeypis

## námskeið á laugardögum

**milli kl 13.00-15.00**

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða iPad? Langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðinni, Laugavegi 182og lært eitthvað nýtt.

**www.epli.is/namskeid**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Þjónustudeild Epli opin: Laugardaga 12-16

EPLI


Margrét Lára Viðarsdóttir leiðir íslensku stelpurnar í hlaupadrillum á fyrstu æfingu liðsins á Laugardalsvellinum í gær. Fréttablaðið/Pjetur

# Ætlum að vinna riðilinn

Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta hefja leik í undankeppni EM 2017 í næstu viku. Æfingar hjá landsliðinu hófust í gær og spilar liðið vináttuleik gegn Slóvökum á fimmtudaginn.

**FÓTBOLTI** Nú þegar strákarnir okkar eru búnir að bóka farseðilinn á Evrópumótið í fyrsta sinn, er komið að stelpunum að hefja sína undankeppni fyrir EM 2017 í Hollandi. Þær eru betur kunnugar lokamóti en strákarnir enda hafa þær tvisvar sinnum farið í lokakeppni Evrópumótsins.

Fyrsti leikurinn verður á þriðjudaginn eftir viku gegn Hvíta-Rússlandi en liðið fær mikilvægan vináttuleik til að stilla strengina á fimmtudaginn gegn Slóvakíu.

Í bæðin skiptin sem stelpurnar komust á EM fóru þær í gegnum umspil. Nú er búið að fjölga í lokakeppninni og verða þar 16 lið í stað tólf. Stelpurnar okkar voru í efsta styrkleikaflokki þegar dregið var til undankeppninnar og sluppu þær því við stórlið. Efsta liðið í öllum riðlunum átta fer beint til Hollands og sex bestu liðin í öðru sæti.

Ísland á að komast á EM, svo einfalt er það. Stelpurnar okkar, sem eru númer 18 á heimslistanum, eru með Skotlandi (20), Hvíta-Rússlandi (49), Slóveníu (64) og Makedóníu (117) í riðli. Stefnan er skýr og einföld.

„Freyr er búinn að gefa það út að við ætlum að vinna riðilinn,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir, markahæsti leikmaður íslenska liðsins frá upphafi, við íþróttadeild 365. „Við höfum aldrei gert það áður og því er það nýtt og krefjandi verkefni.“

Þrátt fyrir að markmiðið sé að enda í efsta sæti bendir Margrét á öra þróun í kvennaboltanum og því verður að vera á tánum gegn liði eins og Hvíta-Rússlandi sem minna er vitað um.

**Ég er enn þá ung**

„Það er erfitt að segja mikið um Hvít-Rússana. Það er mikil framför í kvennaboltanum og þessi minni lið eru alltaf að taka stórstígum framförum. Við þurfum að hafa varann á fyrir þann leik. Vonandi náum við bara að nýta æfingaleikinn vel,“ segir Margrét.

Þessi magnaða markadrottning segist í góðu formi og er búin að spila alla 18 leiki Kristianstad í Svíþjóð. Komi hún við sögu í næstu tveimur leikjum kemst hún í 100 landsleikja klúbbinn hjá landsliðinu.

„Ég er enn þá ung,“ segir hin 29 ára gamla Margrét Lára. „Vonandi get ég spilað fleiri leiki. Það verður gaman að ná 100 leikjum en vonandi er bara nóg eftir.“

Aðeins hefur hægst á markaskorun Margrétar með landsliðinu, en hún á að baki 71 mark í 98 leikjum. Hún hefur þó „aðeins“ skorað tvö mörk í síðustu tíu landsleikjum sem er óvanalegt á þeim bænum.

„Ég er í fínu formi og hef náð að spila flesta leiki með félagsliði mínu. Vonandi get ég fært minn leik í landsliðið og hjálpað því að vinna leiki og ná okkar markmiði,“ segir Margrét Lára.

**Gætu toppað á næstu árum**

Kynslóðaskipti hafa verið hjá íslenska liðinu undanfarin misseri, eða síðan Freyr Alexandersson tók við liðinu af Sigurði Ragnari Eyjólfssyni. Yngri leikmenn hafa fengið að spreyta sig og spilað mikið af góðum leikjum.

„Freyr og Ási [Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari] eru að koma vel inn í þetta. Það er komið gott jafnvægi í hópinn. Yngri leikmenn sem hafa komið inn í þetta á síðustu tveimur árum hafa fengið góða og dýrmæta reynslu. Ég sé fram á að liðið geti toppað á næstu tveimur árum og það væri gaman ef svo yrði,“ segir Margrét Lára.

Markadrottningin segist finna fyrir miklum samhug innan fótboltasamfélagsins á Íslandi eftir að strákarnir komust í fyrsta sinn á stórmót á dögunum.

„Það er ekki spurning. Við óskum þeim bara innilega til hamingju og auðvitað finnur maður fyrir samheldninni og stuðningnum. Það er bara vonandi að við fáum sama fólkið og sama stuðning og þeir,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir.

tomas@365.IS

## Leiðin á EM 2017

**Ísland** er í fimm liða riðli með Skotlandi, Hvíta-Rússlandi, Slóveníu og Makedóníu

**Ísland** var í efsta styrkleikaflokki og kemst efsta liðið beint á EM

**Sex bestu** þjóðirnar sem enda í öðru sæti fara einnig beint á EM

**Sjöunda og áttunda** besta þjóðin mætast í umspili um síðasta sætið á EM

N1
ÍDAG KL. 17:15 SPORT 6
KÞ – HAUKAR
ÞRÓTTUR Í PEPSI-DEILD?
Þróttur og Haukar mætast í Laugardalnum í dag klukkan 17:15. Með sigri geta Þróttarar tryggt sér sæti í Pepsi-deildinni á næstu leiktíð. Ekki missa af þessum hörkuleik!
365.is | Sími 1817
365

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Stjarnan 1-0 Fylkir**
1-0 Pablo Punyed (30.).
Stjarnan er sama og sloppin við fall með þessum úrslitum, en liðið á níu stig á Leikni þegar níu stig eru eftir í pottinum.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 45 | Víkingur | 22 |
| Breiðablik | 37 | Fylkir | 22 |
| KR | 36 | ÍA | 20 |
| Valur | 32 | ÍBV | 18 |
| Fjölnir | 30 | Leiknir | 15 |
| Stjarnan | 24 | Keflavík | 7 |

**Olís-deild karla**

**Grótta 33-26 FH**
Markahæstir: Finnur Ingi Stefánsson 9/3 - Einar Rafn Eiðsson 8/5
Nýliðarnir eru komnir á blað með þessum frábæra sigri á FH.

**ÍR 25-24 UMFA**
Markahæstir: Sturla Ásgeirsson 9/6 - Böðvar Páll Ásgeirsson 9
Silfurdrengurinn Sturla var hetjan í Austurbergi í gær en sigurmarkið skoraði hann 30 sekúndum fyrir leikslok.

**Fram 24-19 Víkingur**
Markahæstir: Sigurður Örn Þorsteinsson 8 - Jóhann Reynir Gunnlaugsson 6/2
Víkingar sprungu á limminu í stöðunni 18-18 og þurfa að bíða eftir fyrsta sigrinum í Olís-deildinni.

| Efri hluti | | Neðri hluti | |
|---|---|---|---|
| Valur | 4 | Fram | 2 |
| ÍR | 4 | Grótta | 2 |
| Haukar | 2 | Fram | 0 |
| Afturelding | 2 | ÍBV | 0 |
| FH | 2 | Víkingur | 0 |

**Kristján Hauksson hefur ekki sagt skilið við boltann. Mættur upp á topp. Aldrei of seint að meikaða sem striker**

Magnús Sigurbjörnsson
@sigurbjornsson

**Enska úrvalsdeildin**

West Ham 2–0 Newcastle

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 15 | Chelsea | 4 |
| Leicester | 11 | Stoke | 2 |
| Man. Utd | 10 | Sunderland | 2 |
| Arsenal | 10 | Newcastle | 2 |

**ÞRÓTTARAR Í PEPSI-DEILDINA?**

Þróttur Reykjavík getur komist á ný í Pepsi-deild karla í kvöld, en liðið spilar frestaðan leik gegn Haukum á Valbjarnarvelli klukkan 17.15. Með sigri tryggir Þróttur sæti sitt á meðal þeirra bestu. Þróttarar voru lengi vel efstir í deildinni en misstigu sig aftur og aftur í seinni umferðinni. KA var byrjað að stríða Þrótturunum alvarlega og hóta að hirða af þeim sætið, en Þróttarar eiga nú tvo leiki til að ná í tvö stig og komast þar með upp á ný. Þróttur var síðast í deild þeirra bestu árið 2009 en féll þá með 16 stig ásamt Fjölni. Ólafsvíkingar eru nú þegar búnir að tryggja sig upp.



## Í dag

**1. deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 17.15 | Þróttur - Haukar | Valbjarnarvöllur |
| 18.15 | Meistaradeildarkvöld | Sport |
| 18.30 | PSG - Malmö | Bravó (Opinni) |
| 18.30 | PSV - Man. Utd | Sport 3 |
| 18.30 | Man. City - Juventus | Sport 4 |
| 18.30 | Real Madrid - Shakhtar | Sport 5 |

# FOSSBERG

FOSSBERG EHF VÉLAVERSLUN

IÐNAÐARVÖRUR OG VERKFÆRI

Sept-Okt. 2015

**NOVA50 LED vinnuljós**
SG035055
**Verð: 35.900 kr.**

- 50W HIGH CRI COB LED
- 5000 lumen
- 8000 lux við 50 cm
- Líftími LED díóðu minnst 100.000 klst.
- Rafmagnssnúra: 5 m
- Þolir allt að 1 m vatnsdýpi
- Stærð: 261x274x76,5 mm
- Þyngd: 2.800 g

**NOVA20 LED hleðsluljós**
SG035056
**Verð: 29.900 kr.**

- 20W HIGH CRI COB LED
- 800 lumen (6 klst.) þrep 1
- 1500 lumen (3 klst.) þrep 2
- 1700/3000 lux við 50 cm
- Líftími LED díóðu minnst 100.000 klst.
- Rafhlaða 11,1V/4400mAh
- Rafmagnssnúra: 5 m
- Þolir allt að 1 m vatnsdýpi
- Stærð: 220x235x75 mm
- Þyngd: 2.140 g

**Höggþol: IK07**
**Þéttleiki: IP67-Alger vörn gegn ryki**



**Vinnuljós QUATTRO T-21**
SG035040
**Verð: 10.990 kr.**

- 1300 Lumen
- 3 m rafmagnssnúra
- Sterkur hlífðarrammi úr gúmmí (IP44)
- 230V rafmagnstengill
- Stærð: 203x230x105 mm
- Þyngd: 1,6 kg

**Vinnuljós QUATTRO T-55**
SG035020
**Verð: 14.995 kr.**

- 3000 Lumen
- 5 m rafmagnssnúra
- Sterkur hlífðarrammi úr gúmmí (IP44)
- 2x 230V rafmagnstengill
- Stærð: 295x295x90 mm
- Þyngd: 3 kg

**Hannað til nota innan- og utandyra**
**Hægt að halla fæti eftir þörfum**

---



**LED-ljós FLASH 300**
SG035107
**Verð: 9.695 kr.**

- CREE XP-G LED með fókus
- 300 lumen
- 1.200-35.000 lux við 50 cm
- Rafhlöðuending: 9 klst.
- Rafhlaða: 3xC/1.5V Alkaline
- Þéttleiki: IP54
- Stærð: 42x216 mm
- Þyngd: 446 g



**LED pennaljós**
SG035110
**Verð: 4.545 kr.**

- CREE XP-G LED með fókus
- 100 lumen
- 300-4.000 lux við 50 cm
- Rafhlöðuending: 6 klst.
- Rafhlaða: 2xAAA/1.5V Alkaline
- Þéttleiki: IP54
- Stærð: 16x148 mm
- Þyngd: 56 g



**Ljós UV-FORM**
SG035408
**Verð: 11.225 kr.**

- LED/Öflugt UV-ljós að ofan
- 150/75 lumen
- 100/340 lux við 50 cm
- Rafhlöðuending: 3 klst.
- Rafhlaða: 3,7V/1600 mAh, Li-Ion
- Hleðslutími: 3 klst.
- Þéttleiki: IP20
- Stærð: 157x59x31 mm
- Þyngd: 160 g

**Lekaleit í olíu-og smurleiðslum**



**SUNMATCH**
SG035416
**Verð: 26.900 kr.**

- Ultra high CRI COB LED
- 95 CRI
- 4500 KELVIN
- 400/1800 lumen
- 1100/550 lux
- Rafhlöðuending: 1/3 klst.
- Rafhlaða: 3,7V/2200 mAh, Li-ion
- Hleðslutími: 4 klst.
- Þéttleiki: IP65
- Stærð: 60x190x40 mm
- Þyngd: 300 g

**Sýnir rétta liti í bílasprautun**

---



**Vinnuljós STARLIGHT**
SG035005
**Verð: 4.995 kr.**

- 11W flúrpera
- 300 lux við 50 cm.
- Rafmagnstengi: 230V/50Hz
- Rafmagnssnúra: 5 m
- Þéttleiki: IP54
- Stærð: 50x445 mm
- Þyngd: 780 g



**LED-ljós MAG**
SG035004
**Verð: 7.795 kr.**

- LED 21/5 perur
- 60/18 lumen
- 1000/350 lux við 50 cm.
- Rafhlöðuending: 4/15 klst.
- Rafhlaða: 3,7V/1200 mAh, Li-Ion
- Hleðslutími: 4 klst.
- Þéttleiki: IP20
- Stærð: 56x250x45 mm
- Þyngd: 300 g



**LED-ljós - SUN**
SG035062
**Verð: 15.995 kr.**

- 1 x 1W LED fremst/6 x 0,5W SMD LED
- 40/220 lumen
- 350/1500 lux við 50 cm
- Rafhlöðuending: 8 klst/3 klst.
- Rafhlaða: 3,7V/2000 mAh Li-Ion
- Hleðslutími 3-4 klst.
- Þéttleiki: IP68
- Stærð: 55x280 mm
- Þyngd: 680 g

**Vatnshelt, þolir olíur o.fl.**



**LED ljós - UNIPEN**
SG035420
**Verð: 5.995 kr.**

- COB LED/Power LED að ofan
- 150/75 Lumen
- 340/100 lux við 50 cm
- Rafhlöðuending: 3 klst.
- Rafhlaða: 3,7V/1600 mAh, Li-Ion
- Hleðslutími: 3 klst.
- Þéttleiki: IP20
- Stærð: 25x155x32 mm
- Þyngd: 100 g

---

**Höfuðljós 25xLED**
BA25LEDKL
**Verð: 1.280 kr.**

- Góð lýsing
- Líftími díóðu: 100.000 klst.
- 4 stillimöguleikar: 1, 9, 25 perur eða 25 blikkandi
- Rafhlaða: 3 stk. AAA
- Stærð: 80x40x70 mm
- Þyngd: 91 g



**Ennisljós - SENSOR**
SG035025
**Verð: 4.935 kr.**

- 1W Cree XP-E LED með fókus
- 90 Lumen
- 500-3.000 lux við 50 cm
- Rafhlöðuending: 8 klst.
- Rafhlaða: 3 stk AAA
- Þéttleiki: IP54
- Stærð: 60x50x45 mm
- Þyngd: 120 g



**Ennisljós I-VIEW**
SG035026
**Verð: 9.994 kr.**

- 2W LED
- 80/160 lumen
- 300/500 lux við 50 cm
- Rafhlöðuending: 6/3 klst.
- Rafhlaða: 3,7V/1600mAh, Li-Ion
- Hleðslutími: 3 klst.
- Þéttleiki: IP65
- Stærð: 101x49x35 mm
- Þyngd: 120 g



**Ennisljósin frá Scangrip eru með snertilausan ON/OFF skynjara**



## Beygjuvélar



### Beygjuvél UB10 10-16 mm
SR3776010
**Verð: 99.900 kr.**

- Beygjugeta í flatjárn: 10x50 mm
  Sívalt, stál/ál/kopar Ø 16 mm
  Sívalt, ryðfrítt Ø 14 mm
  Ferkant, stál/ál/kopar 16x16 mm
  Ferkant, ryðfrítt 14x14 mm
  Rör, stál/ál/kopar G 3/4"
- Þyngd: 32 kg

### Rörabeygjuvél HRB10
SR3777010
**Verð: 89.900 kr.**

- Þrýstigeta: 10 t
- Spindilfærsla: 155 mm
- Stærð: 710x590x220 mm
- Þyngd: 45 kg



### Rörabeygjuvél RB12
SR3776012
**Verð: 79.900 kr.**

- Beygjuradíus G 3/8": 102 mm
- Beygjuradíus G 1/2": 108 mm
- Beygjuradíus G 3/4": 112 mm
- Þyngd: 22 kg



### Flatjárnsbeygjuvél WB100
SR3776101
**Verð: 79.990 kr.**

- Flatstál (kalt): 100x10 mm
- Rör (kalt): 22 mm
- Ferhyrnt (kalt): 20x20 mm
- Flatstál (hitað): 100x15 mm
- Rúnjárn (hitað): 27 mm
- Ferkant (hitað): 25x25 mm
- Stærð: 550x320x240 mm
- Þyngd: 30 kg



### Beygjuvél HSBM 610 HS
SR3772610
**Verð: 79.900 kr.**

- Vinnslubreidd: 610 mm
- Mesta þykkt: 1,0 mm
- Beygjuradíus: 0-135°
- Stærð: 850x360x420 mm
- Þyngd: 42 kg



## Loftpressur

### Loftpressa Flash Air Olíufrí
FINI615HJ00012
**Verð: 73.995 kr.**



- Kútur: 0 lítrar
- Mótor: 0,6 kW 1x12 V
- Þrýstingur: 8 bör
- Loftflæði: inn 166 l/mín

### Loftpressa Airstar 401/50
SR2009410
**Verð: 139.990 kr.**



- Kútur: 50 lítrar
- Loftflæði: inn 390 l/mín - út 285 l/mín
- Þrýstingur: 10 bör
- Mótor: 2,2kW / 230V
- Stærð: 810x430x795 mm
- Þyngd: 56 kg
- Hljóðstyrkur: 96 dB

### Loftpressa Airstar 503/100
SR2009531
**Verð: 169.900 kr.**



- Kútur: 100 lítrar
- Loftflæði: inn 500 l/mín - út 410 l/mín
- Þrýstingur: 10 bör
- Mótor: 3kW / 400V
- Stærð: 870x400x107 mm
- Þyngd: 75 kg
- Hljóðstyrkur: 99 dB

### Loftpressa Airprofi 853/270
SR2025812
**Verð: 399.899 kr.**



- Kútur: 270 lítrar
- Loftflæði: inn 850l/mín - út 680 l/mín
- Þrýstingur: 10 bör
- Mótor: 5,5 kW 3x400 V
- Stærð: 1150x600x1240 mm
- Þyngd: 195 kg
- Hljóðstyrkur: 83 dB

## Háþrýstidælur

### Háþrýstidæla 1152TST
KRA412181
**Verð: 135.859 kr.**



- Vinnuþrýstingur: 30 - 130 bar
- Hámarksþrýstingur: 150 bar
- Hámarksflæði: 10,0 l/mín
- Hámarkshitastig: 60°C.
- Hámarkssoghæð: 1,0 m
- Slöngukefli: 15 m
- 230 V / 50 Hz. 2,8 Kw.
- Þyngd 31,5 kg
- Stærð: 360x365x870 mm
- Efna-innspýting blandar hreinsiefnum í vatn

### Háþrýstidæla 195TST
KRA412311
**Verð: 220.277 kr.**



- Vinnuþrýstingur: 30 - 170 bar
- Hámarksþrýstingur: 195 bar
- Hámarksflæði: 8 l/mín
- Hámarkshitastig: 60°C.
- Hámarkssoghæð: 2,5 m
- Slöngukefli: 15 m
- 230 V / 50 Hz. 3,2 Kw.
- Þyngd 45 kg
- Stærð: 355x375x980 mm
- Efna-innspýting blandar hreinsiefnum í vatn

**Einnig 160 TST með 11 l/mín og max 160 bör**

### Háþrýstidæla 1000TST
KRA1000TST
**Verð: 363.953 kr.**



- Vinnuþrýstingur: 30 - 220 bar
- Hámarksþrýstingur: 250 bar
- Hámarksflæði: 16 l/mín
- Hámarkshitastig: 60°C.
- Hámarkssoghæð: 2,5 m
- Slöngukefli: 20 m
- 400 V / 50 Hz. 7,5 Kw.
- Þyngd 89 kg
- Vatnstankur: 16 l
- Stærð: 770x570x990 mm
- Efna-innspýting blandar hreinsiefnum í vatn

**Einnig 800TST með 13,3 l/mín og max 270 bör**

## Ýmis tæki



### Barki fyrir loftblásara
SR6260130
**Verð: 21.000 kr.**



10 m

### Loftblásari / Loftsog MV30
SR6260030
**Verð: 29.990 kr.**

- Blástursop: ø 380 mm
- Sogendi: ø 300 mm
- Hám. loftflæði: 65 m$^3$/mín
- Snúningshraði: 2.800 sn/mín
- Mótor: 500 W
- Stærð: 420x380x380 mm
- Þyngd: 15 kg



### Sandblásturskassi SSK1
SR6204000
**Verð: 29.900 kr.**

- Rúmmál: 90 l
- Loftnotkun: 200 til 350 l/mín
- Þrýstingur: 2,8 til 8,0 bör
- Loftinntak: 3/8"
- Innri mál: 580x480x300 mm
- Ytri mál: 590x489x490 mm
- Þyngd: 17 kg



### Bandsög HBS 351-2 (tré)
SR5900351
**Verð: 139.990 kr.**

- Breidd að ristilandi: 345 mm
- Mesta efnisþykkt: 200 mm
- Tveggja hraða: 7,3/15m/sek
- Stærð á borði: 548x400 mm
- Mótor: 1000 W / 230 V
- Stærð: 520x380x1155 mm
- Þyngd: 70 kg



### Bandslípivél BTS250
SR5904250
**Verð: 99.900 kr.**

- Stærð slípibands: 1220x150 mm
- Slípidiskur: 250 mm
- Borðflötur: 360x200 mm
- Snúningshraði: 1.440 sn/mín
- Heildarstærð: 720x410x440 mm
- Mótor: 800 W / 230 V
- Þyngd: 47 kg

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## MITTISMÁLIÐ ER VÍSBENDING

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna fram á að mittismál bætir mikilvægum upplýsingum við í áhættumati á börnum með offitu.

Síða 2








**HÚÐIN STÆRSTA LÍFFÆRIÐ** „Allt sem við berum á húðina fer inn í líkamann og þaðan út í blóðrásina og hefur þannig áhrif á alla líkamsstarfsemina. Ég vil því ekki bera á mig efni sem ég þekki ekki," segir Ebba Guðný Guðmundsdóttir

# LÍFRÆNAR SNYRTIVÖRUR SKIPTA MÁLI

**GENGUR VEL KYNNIR** *Benecos-snyrtivörurnar eru nú í sölu á vegum styrktarátaksins Á allra vörum. Ebba Guðný hefur góða reynslu af vörunum.*

Nú stendur yfir sala á styrktarsetti með glossi og varalit frá Benecos á vegum átaksins Á allra vörum sem að þessu sinni beinir sjónum sínum að einelti. Allur ágóði söfnunarinnar rennur til Erindis en markmiðið er að opna samskiptasetur þar sem aðstandendur og þolendur í eineltismálum geta fengið ráðgjöf og þjónustu frá fagaðilum.

**LÍFRÆNT VOTTAÐAR**

Benecos eru lífrænt vottaðar, náttúrulegar snyrtivörur án allra parabena og annarra eiturefna. Þær hafa að geyma innihaldsefni sem styðja við náttúrulega eiginleika húðarinnar svo hún njóti sín til fulls. Frábært úrval er af förðunar- og snyrtivörum og ættu því allar konur að finna þar eitthvað við sitt hæfi.

**MÆLIR MEÐ BENECOS**

„Fyrir mörgum árum byrjaði ég að skipta yfir í eiturefnalausar og lífrænar snyrtivörur af því mig langaði ekki til að bera á mig efni sem ég þekkti ekki og vissi ekki hvaða áhrif myndu hafa á mig og mína. Á þessum tíma gekk ég með fyrsta barnið mitt. Þar sem húðin er stærsta líffærið og allt sem við berum á hana fer inn í líkamann og þaðan út í blóðrásina og hefur þannig áhrif á alla líkamsstarfssemina, fannst mér þetta mjög mikilvægt.

Ég fagna því mjög að geta keypt Benecos-snyrtivörurnar hér á landi því þær eru bæði lífrænar, umhverfis- og mannvænar, auk þess að vera á mjög góðu verði. Það er líka svo gaman að geta með góðri samvisku bent ungingsstúlkum, sem eru að byrja að mála sig, á þessar skemmtilegu vörur svo ég tali nú ekki um litlu fingurna sem vilja stundum naglalakk," segir Ebba Guðný Guðmundsdóttir. www.pureebba.com



**ÁN EITUREFNA** Benecos eru lífrænt vottaðar, náttúrulegar snyrtivörur án allra parabena og annarra eiturefna.

### GOTT VERÐ

„Ég fagna því mjög að geta keypt Benecos-snyrtivörurnar hér á landi því þær eru bæði lífrænar, umhverfis- og mannvænar, auk þess að vera á mjög góðu verði."

### SÖLUSTAÐIR

Flest apótek, heilsubúðir og víðar.










**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429












**MITTISMÁLIÐ GEFUR VÍSBENDINGAR** Í rannsókn Ásdísar Evu Lárusdóttur læknanema kom í ljós að mittismál gefur frekar vísbendingar um frávik í efnaskiptum sem tengjast offitu barna en líkamsþyngdarstuðull, BMI, og hefur þá meira forspárgildi um heilsufar og heilsufarsvandamál. MYND/GETTY

# MITTISMÁLIÐ MIKILVÆG VÍSBENDING

**NÝ RANNSÓKN** *Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna fram á að mittismál bætir mikilvægum upplýsingum við í áhættumati á börnum með offitu. Næstum helmingur barna í rannsókninni var með frávik á blóðgildum sem geta aukið líkur á ýmsum sjúkdómum.*

Rannsóknir á fullorðnum einstaklingum benda til þess að mittismál sé besti einstaki mælikvarðinn á áhættuþætti kransæðasjúkdóma auk annarra sjúkdóma sem rekja má til ofþyngdar og kviðlægrar fitudreifingar. Niðurstöður nýrrar rannsóknar benda til að svo sé einnig í börnum með offitu.

**NOKKRIR MÆLIKVARÐAR NOTAÐIR**

Offita hefur aukist um allan heim á undanförnum áratugum og er nú orðin alvarlegt heilbrigðisvandamál, meðal annars vegna aukinnar hættu á ýmsum langvinnum sjúkdómum. Áhrif offitu hjá börnum hér á landi eru ekki jafn vel þekkt og hjá fullorðnum en erlendar rannsóknir gefa til kynna að börn sýni í auknum mæli frávik í efnaskiptum og hafi jafnvel þegar þróað með sér ýmsa lífsvenjutengda sjúkdóma. Nokkrir mælikvarðar eru notaðir til að meta offitu. Algengastur er BMI (Body Mass Index, líkamsþyngdarstuðull) sem reiknaður er samkvæmt reikniformúlunni þyngd/hæð$^2$. Dreifing fitu um líkamann er mikilvægur þáttur þegar áhætta fyrir sjúkdómum er metin. Mittismálsmæling er aðferð notuð til að meta kviðfitu einstaklings, en sýnt hefur verið að kviðlæg fitudreifing er óhagstæðari en önnur með tilliti til áhættuþátta kransæðasjúkdóma hjá börnum og unglingum. Gegnum tíðina hefur líkamsþyngdarstuðull (Body Mass Index, BMI) verið helsti mælikvarði á offitu en ágæti hans hefur verið dregið í efa hjá börnum.

**MITTISMÁLIÐ BETRA FORSPÁRGILDI**

Í rannsókn Ásdísar Evu Lárusdóttur læknanema á börnum sem komu í meðferð í Heilsuskóla Barnaspítalans kom í ljós að mittismál gefur frekar vísbendingar um frávik í efnaskiptum sem tengjast offitu en líkamsþyngdarstuðull (Body Mass Index, BMI) og hafa þá meira forspárgildi um heilsufar og heilsufarsvandamál. Rannsóknina gerðu, ásamt Ásdísi, læknarnir Ragnar Bjarnason og Tryggvi Helgason Ólöf Elsa Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur, Berglind Brynjólfsdóttir sálfræðingur og Anna Sigríður Ólafsdóttir næringarfræðingur.

„Heilsuskólinn var stofnaður til að aðstoða börn og fjölskyldur þeirra við að bæta lífsvenjur sínar. Markmið rannsóknarinnar var að finna þann mælikvarða á offitu barna sem hafði mest forspárgildi um frávik í blóðgildum auk þess að fá heildstæða mynd af frávikum í efnaskiptum barna með offitu í Heilsuskólanum. Við skoðuðum 179 börn á aldrinum fjögurra til átján ára. Við rannsökuðum þær blóðprufur sem gætu sagt eitthvað til um efnaskiptavillu og athuguðum hvort BMI eða mittismál hefði meiri tengsl við blóðgildin, það er að segja við það hvort eitthvað væri óeðlilegt í blóðinu. Í næstum helmingi tilfella voru börn með frávik í blóði. Þrátt fyrir að það sé vitað að offita hafi áhrif á blóðið þá kom það okkur á óvart hversu hátt þetta hlutfall var," segir Ásdís.

Hún bætir við að oftast hafi það verið insúlín sem var hækkað. Einnig var kólesteról og fitulifur skoðuð en ef þessi gildi eru óeðlileg er aukin hætta á sykursýki 2 og hjarta- og æðasjúkdómum. „Frávik í einu eða fleiri blóðgildum fundust hjá 54 börnum eða 47 prósentum. Af þeim börnum sem upplýsingar voru til staðar um höfðu fjögur prósent staðfesta fitulifur og 28 prósent höfðu insúlínhækkun."

**STYÐJA ERLENDAR RANNSÓKNIR**

Mittismál mætti nota til að skima fyrir þeim börnum sem þurfa á reglulegu eftirliti að halda með tilliti til frávika í efnaskiptum. Mittismál bætir mikilvægum upplýsingum við í áhættumati á börnum með offitu. Ásdís segir niðurstöður rannsóknarinnar aðallega verða til þess að hvetja þá sem eru með of feit börn í meðferð eða eftirliti að mæla mittismál þeirra. „Niðurstöðurnar styðja erlendar rannsóknir sem sýna að mittismál sé betri mælikvarði en BMI hjá börnum og það hefur verið sýnt hjá fullorðnum að mittismál sé betra. Aldursstaðlað BMI hefur verið notað til að taka inn börn í Heilsuskólann og hingað til hefur áherslan ekki verið á mittismál en niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það er tvímælalaust ástæða til þess að gera það."

Offita og ofþyngd barna hér á landi hefur staðið í stað undanfarin tíu til fimmtán ár að sögn Ásdísar. Hvort tveggja jókst töluvert fyrir þann tíma en hefur verið svipað síðan. „Um fimm prósent barna hér á landi eru með offitu og tuttugu prósent í ofþyngd en hvort tveggja hefur staðið í stað síðustu ár og er það jákvætt," lýsir Ásdís.

■ liljabjork@365.is



**ÁSDÍS EVA LÁRUSDÓTTIR** gerði rannsóknina ásamt Ragnari Bjarnasyni og Tryggva Helgasyni læknum, Ólöfu Elsu Björnsdóttur hjúkrunarfræðingi, Berglindi Brynjólfsdóttur sálfræðingi og Önnu Sigríði Ólafsdóttur næringarfræðingi.

**RANNSÓKN**

„Niðurstöðurnar styðja erlendar rannsóknir sem sýna að mittismál sé betri mælikvarði en BMI hjá börnum og það hefur verið sýnt hjá fullorðnum að mittismál sé betra."

MB bílar



RENAULT Kangoo express. Árgerð 2011, ekinn 107 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.250.000. án VSK Rnr.120021.



FORD Galaxy. Árgerð 2014, ekinn 40 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.110351.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.240633. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ ML 500. Árgerð 2006, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161345.



TOYOTA Land cruiser 120 vx 8 manna. Árgerð 2008, ekinn 273 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161442.



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.210670.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BORGARBÍLASALAN



**DISEL MOLINN**

VOLVO XC90 Árgerð 2008 ekin aðeins 99 þ km sjálskiptur leður dráttarbeisli Besta verðið 4.980.000. Rnr.450192 sími 6952015

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

## Bílar til sölu



**TILBOÐ 230ÞÚS !**

Musso 2.3 árg. '99 ek. 240þús dísel, krókur, beinsk., öryðgaður, sk. '16. Tilboð 230þús Uppl. í s. 891 9847

**ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR**

Facebook: Ódýrir Díselbílar. Sími: 534-0000

## 250-499 þús.



**YARIS - TILBOÐ 499ÞÚS**

Toyota Yaris 1,3 vvti árg 2004 ek.182 þús,beinskiptur, 5 dyra, heilsarsdekk, sk.16 dráttarkrókur, fínn bíll, einhvað um hurðadælir, Tilboðsverð 499 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## 500-999 þús.



**EKINN AÐEINS 78 ÞÚS**

NISSAN ALMERA ACENTA 1800 árg 2003 ek. 78 þús, tímakeðja, smur og þjónustubók, 5 gíra flottur bíll ,17" álfelgur,filmur,spoiler ofl. ásett verð 850 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á vísaláni í allt að 36 mán. uppls 841 8955

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-600 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

## Sendibílar

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Kerrur

Til sölu stór fólksbílakerra úr áli. Kostar ný yfir 300þ. Verð 70þ. S. 8644842

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989

**GRÖFUÞJÓNUSTA AUBERTS.**

Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, kranabílar, vörubílar, gámaleiga, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.

**Sími 892 1663.**


# Þurrkbox

## Þurrkboxin eru komin!







Þurrkbox draga í sig raka úr umhverfinu og minnka dægursveiflur rakastigs. Einföld lausn til að lækka raka í gámum, hjólhýsum eða þar sem þurrktækjum verður ekki komið við.

Tilboð 3 fyrir 2

## Frábær í sumarvagnana!

## Vatnsdælur

Öflugar vatnsdælur sem henta til að þurrka eftir vatnsskaða.




Tilboð 19.990

## Dæla - bensín

Vatnsdæla með bensínmótor. Öflug dæla sem hentar ef ekki er rafmagn.



Tilboð 64.990

## Þurrktæki

Öflug þurrktæki í sumarhús eða heimili. Koma í veg fyrir sagga.



Tilboð 44.990

íshúsið 1983 - 2013 30 ára reynsla

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is -andaðu léttar

## Þrefalt meiri hersla



**PowerMaxx SSD Skrúfvél**
ME600093500
**Verð: 32.900 kr.**

- Rafhlaða: 2x 10,8V / 2Ah Li-Ion
- **Hámarkshersla: 105 Nm**
- Bitahald: ¼"
- Snúningshraðar: 0-2.300 sn/mín
- Þyngd með rafhlöðu: 1,0 kg



**Höggborvél SDS-BHE 2444**
ME606153000
**Verð: 33.781 kr.**

- Afl: 800 W
- Hámarkshersla: 15 Nm
- Patróna: SDS Plús
- Snúningshraðar: 0-1.230 sn/mín
- Þyngd: 2,3 kg

metabo®



**Multi-Tool**
ME613021510
**Verð: 64.794 kr.**

- Rafhlaða: 2x 18V / 2Ah Li-Ion
- Víbringur á mín: 7.000 - 18.000
- Hreyfisvið vinstri/hægri: 1,6°
- Þyngd með rafhlöðu: 1,8 kg



**PowerMaxx Quick**
**Alvöru borvél í litlu húsi**

- 10,8 volta skrúfvél með fljótskiptipatrónu og innbyggðri 1/4" festingu
- Hámarks hersla: 34Nm
- Snúningshraðar: 0-360 / 0-1.400 sn/mín
- Patróna: 1-10 mm sjálfherðandi m. flýtilosun
- Þyngd: 0,8 kg

**PowerMaxx Quick Pro**
ME600157500
**Verð: 48.998 kr.**

Afhent í tösku með fljótskiptipatrónu, fljótskipti-vinkilpatrónu, beltishanka, 2x Li-Ion rafhlöðum 1x4Ah 1x2Ah og hleðslutæki LC 40.

**PowerMaxx Quick Basic**
ME600156500
**Verð: 34.997 kr.**

Afhent í tösku með fljótskiptipatrónu, beltishanka, 2x Li-Ion rafhlöðum 2Ah og hleðslutæki LC 40



**Quick system**

**Rafhlöðuborvél BS 18 LTX LiHD 5,5Ah**
ME602193660
**Verð: 89.990 kr.**

- Rafhlaða: 2x 18V / 5,5Ah LiHD
- Hámarkshersla: 110 Nm / 60 Nm með púls
- Patróna: 1,5-13 mm sjálfherðandi
- Snúningshraðar: 0-500/0-7.400 sn/mín
- Þyngd með rafhlöðu: 2,2 kg



LiHD TECHNOLOGY

**Bylting með LiHD hágæða rafhlöðum**
**Opnar nýja möguleika í notkun rafhlöðuvéla**

87 % MORE RUNTIME

Enn lengri ending
Aukinn vinnslutími þökk sé:
- Aukningu á virku rafhlöðuefni
- Hágæða efni (silfur og kopar) og stærri leiðarar gefa skilvirkara orkuflæði

67 % MORE POWER

Stærri leiðnibrautir þola meiri straum. Stærri snertur og tengiplötur gerðar úr sérstöku koparmálmblendi leiða strauminn með minni afföllum
- Merkjanleg aukning í afli vélar
- Meiri aðgengileg orka

**Borðsög TS 254 á hjólum**
ME600668000
**Verð: 149.997 kr.**

- Borðflötur: frá 670x715 mm til 970x995 mm
- Skurðardýpt: 87 mm
- Snúninghraði: 4.200 sn/mín
- Mótor: 2.000 W
- Þyngd: 33,4 kg

**Fyrirferðarlítil, auðvelt að pakka saman**



**Hjámiðjurokkur SXE 450 TurboTec**
ME600129000
**Verð: 45.478 kr.**

- Hjámiðjurokkur 150 mm
- Mótor: 350 W
- Þyngd: 2,2 kg



**Slípirokkur WE 15-125**
ME600448000
**Verð: 22.996 kr.**

- Án hraðastýringar
- 1550 W
- Torque: 3,5Nm
- 125 mm. skífa
- 11.000 sn/mín
- M14 festiró
- Þyngd: 2,5 kg



**Einnig hraðastýrður á sama verði**

## Mikið úrval af bor- og snittverkfærum frá RUKO



Ýmsar gerðir af fræsitönnum fyrir stál og ál



HSS borar með 1/4" festingu, 2-8 mm til á lager



Þrepaborar HSS/COBALT/TITAN
Einnig til stiglausir



Steinborar, SDS-plus og SDS-MAX

Spaðaborar 8-30 mm til á lager







Kjarnaborar 30, 55 og 110 mm langir



Weller® OPTIMUM® MASCHINEN - GERMANY SANDVIK Coromant ROCOL® Yale®



**Nitril Foam hanski**
EJ873
**Verð: 595 kr.**

- Olíuþolinn Nitril-Foam hanski
- Nylon hanski
- Dýfður í nitril froðu til að auka grip og lipurð hanskans

Þessi er að slá í gegn



**Vinnuvettlingar**
EJ12
**Verð: 676 kr.**

- Geitaskinn, bómullarbak
- Styrktir fingurgómar
- Teygja í baki



**Alhliða vinnuhanski**
EJ321
**Verð: 489 kr.**

- Gervileður í lófa, polyester í baki
- Krómfrír, ekki ofnæmisvaldandi
- Lipur, fellur vel að hendi
- Styrktur vísifingur
- Má þvo við 40°C

ÓDÝR!

## 10% afsláttur í búnti - 20% afsláttur í kassa



**Gæða vetrar hanski**
EJ417
**Verð: 1.130 kr.**

- Króm-frír vinnuvettlingur
- Gervileður í lófa, pólýester í baki
- Flís-fóðraður
- Sérlega gott grip
- Fellur vel að hendi



**Geitaskinn / Nylon**
EJ2117
**Verð: 986 kr.**

- Flísfóðraður
- Franskur rennilás
- Fellur vel að hendi
- Mjúkur, fingralipur og þjáll
- Alhliða gæða vinnuhanski



**Nitril hanski fóðraður**
EJ7350
**Verð: 1.675 kr.**

- Lipur og endingargóður
- Nitril dýfður
- Efnaþolinn
- Akrýlf-óðraður, hlýr
- 30 cm langur

TEGERA®
by ejendals



**Vatnsheldur vetrarhanski**
EJ9128
**Verð: 4.199 kr.**

- **Vatnshelt** fóður
- **TouchScreen** gúmmí á fingrum
- Gott grip í öllum veðrum
- Fingralipur

Sá besti í vetrarsportið



Vinsæll vetrarhanski

**Microthan / Polyester**
EJ9122
**Verð: 4.199 kr.**

- Franskur rennilás
- Endurskinsrendur
- Má þvo á 40°
- Sérlega gott grip í bleytu
- Efni sem andar
- Fingralipur, sterkur og þjáll



**Samfestingur NAVY**
CX8NAVC
**Verð: 6.995 kr.**

Gott verð
Góð ending

- 245 g/m2 efni: 60% bómull, 40% pólýester
- Rennilás undir hlífðarflipa
- Teygja í mitti
- Franskur rennilás á ermum og skálmum
- Fatamerkingar á 1.000-1.800 kr. eftir stærð merkis

**Lambhúshetta fleece**
CX5BALN
**Verð: 982 kr.**



**Húfa fleece**
CX5COVAN
**Verð: 786 kr.**



**Húfa blá - Thinsulate**
CX57140
**Verð: 887 kr.**



**Húfa vatnsheld**
CX57151
**Verð: 982 kr.**



**Höggþolin derhúfa**
CX57300/CX57307
**Verð: 2.443 kr. stk.**



**Finndu okkur á Facebook: FossbergEhf • Skráðu þig á póstlistann okkar á www.fossberg.is**

# Bara góðir leikmenn dugar ekki lengur

**Aðeins sjö lið keppa í Dominos-deild kvenna í vetur og fellur ekkert lið að mótinu loknu. Eftir að KR dró lið sitt úr keppni höfnuðu tvö lið sæti í deild þeirra bestu. Mótastjóri segir þetta áhrif þess að með aukinni samkeppni hafi fagmennska aukist í deildinni.**

**KÖRFUBOLTI** Mótastjórn Körfuknattleikssambands Íslands, KKÍ, staðfesti í gær að aðeins sjö lið myndu taka þátt í Dominos-deild kvenna í vetur.

Eftir að KR óskaði eftir því að lið sitt yrði fært niður um deild var liðum Breiðabliks og Njarðvíkur boðið sæti KR án árangurs. Mun ekkert lið falla að móti loknu.

Það vakti óneitanlega athygli þegar KR ákvað að óska þess að vera fært niður um deild en fimm ár eru síðan liðið varð síðast Íslandsmeistari.

Guðrún Kristmundsdóttir, formaður körfuknattleiksdeildar KR, segir að málið eigi sér eðlilega skýringu. .

„Við vorum með mjög fáskipað lið og mikið af ungum stelpum sem hefðu illa þolað álagið af því að spila í Dominos-deildinni. Fyrir vikið tókum við ákvörðun um að hlúa betur að ungu stelpunum og reyna að vinna okkur upp. Markmiðið er að vinna í ungviðinu, byggja upp og komast aftur upp í efstu deild í framtíðinni,“ segir Guðrún, sem sagði það engum gott að vera sífellt að tapa.

„Það er erfitt, þær eru ungar og vantar reynslu. Þetta er þétt leikjadagskrá og þetta var bara að okkar mati of mikið fyrir þessar stúlkur á meðan þær eru að fullorðnast. Við teljum að þetta sé besta ákvörðunin fyrir KR.“

**Boðið kom of seint**

Stefán Þór Borgþórsson, mótastjóri KKÍ, tók undir að málið liti illa út þegar tvö lið neituðu að taka sæti í deild þeirra bestu.

„Þetta gerðist fyrir þremur árum að lið óskaði eftir því að færa sig um deild og þá samþykkti annað lið að taka sæti hins. Ég held að þetta boð hafi bara komið of seint. Leikmannamarkaðnum er eiginlega lokað og liðunum sem voru boðin sætin voru að undirbúa sig fyrir það að spila í fyrstu deild.“

Mikill gæðamunur er á milli 1. deildar og Dominos-deildarinnar en það er ekki algengt að ná í erlendan leikmann hjá liðum í fyrstu deild.

„Þú vilt ekki í sterkustu deildina ef þú ert með mannskap sem á ekkert erindi í hana, þá stendurðu kannski verr að vígi eftir eitt ár. Það er miklu dýrara að vera samkeppnishæfur í efstu deild, þú þarft erlendan atvinnumann og það er ekki í myndinni hjá liðum í 1. deildinni.“

**Krafa um samkeppnishæft lið**

„Það var rætt um að stækka deildina á síðasta ársþingi og það er vilji hjá félögunum að komast í efstu deild,“ sagði Stefán sem sagði samkeppnishæft lið vera lykilatriði.

„Það þarf að vera með samkeppnishæft lið. Þessi ákvörðun er tekin með langtímahagsmuni í huga því þetta hefði verið erfitt, það er mikill getumunur milli deilda.“

Tindastóll tók svipaða ákvörðun á dögunum þegar félagið ákvað að leggja niður meistaraflokk kvenna og skrá lið í unglingaflokki til þess að hlúa betur að ungum kjarna liðsins.

„Það er ekki hægt að fela sig í körfubolta og þú þarft að hafa líkamlegan og andlegan styrk. Það er andlega erfitt að tapa mörgum leikjum. Það gerist oft að ungir leikmenn sem lenda í miklum erfiðleikum ákveði að hætta vegna þess.“

**Aukin skuldbinding hjá félögunum**

Stefán tók undir að málið liti illa út en hann sagði að áhuginn á körfubolta væri að aukast úti um land allt.

„Það er komin meiri alvara í fleiri félög og þar af leiðandi er erfiðara að vera með. Um leið og samkeppnin eykst innan vallar eykst skuldbinding félaganna. Það er ekki hægt lengur að vera bara með góða leikmenn, þú þarft góðan þjálfara,“ sagði Stefán sem sagði þjálfaramálin allt önnur.

„Áður fyrr voru þjálfarar í kvennaflokki oft bara leikmenn úr karlaflokki en núna eru þjálfarar sem einblína á körfuknattleik kvenna,“ sagði Stefán en fyrir ári var farið af stað með utandeild í kvennaflokki.

„Ég held að það hafi aldrei verið fleiri lið á Íslandi sem hafa boðið upp á kvennakörfubolta frá 6 ára aldri og upp úr sem er jákvætt. Við erum ekki að upplifa neikvæða tíma þótt það sé auðvitað neikvætt að vera ekki með fulla deild, eigum við ekki að kalla þetta vaxtarverki?“ sagði Stefán léttur. **kristinnpall@365.is**



KR varð síðast Íslandsmeistari í kvennaflokki árið 2010 en félagið leikur ekki í efstu deild í vetur. Fréttablaðið/Vilhelm





KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Frábær vinnuaðstaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## 50 ára afmæli



**Sigurður Gunnar Gunnarsson**
sölumaður, golfari, veiðimaður, listmálari, prentari, símsmiður og mikill poolari er fimmtugur í dag.

Sigurður er fæddur og uppalinn í Fellahverfinu í Efra-Breiðholti og býr í dag ásamt eiginkonu sinni, Hildu Báru sölumanni, í Hafnarfirði.
Sigurður á þrjá drengi, Gunnar, sem er f. 1997, Þorvald Daða, f. 2001 og Eyþór Andra, f. 2013. Stjúpdóttir Sigurðar er Ásta Sigríður, f. 1990.
Ekki má gleyma hundinum Aþenu, f. 2013.

Sigurður verður að heiman á afmælisdaginn.

---



Elskulegur eiginmaður, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**Einar Arnar Eyjólfsson**

[illegible]

lést 5. september.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. september kl. 13.

Sigrún Ása [illegible]dóttir
[illegible] Guðrún Einarsdóttir
[illegible] Einarsdóttir | Gunnar [illegible]
Ásta María Einarsdóttir | Guðmundur [illegible]
Einar [illegible] Einarsson | [illegible] H. [illegible]dóttir
Arnar Vilhelm, Hrafn Ingi, [illegible], [illegible],
[illegible] Logi og [illegible]

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Jóna Guðbergsdóttir**

áður til heimilis að Lautasmára 5, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir að kvöldi þriðjudagsins 8. september.
Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 17. september kl. 13.

**Svanhvít Jóhanna Jónsdóttir** | **Jón Ingi Hjálmarsson**
**Guðbergur Jónsson** | **Annabel Wendel Voller**
**María Jónsdóttir** | **Páll Þór Kristjánsson**
**Bragi Rúnar Jónsson**
**Davíð Jónsson** | **Elín S. Gunnsteinsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---

✝



Ástkær amma okkar,

**Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir**

lést miðvikudaginn 9. september á dvalarheimilinu Höfða. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 18. september kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á dvalarheimilið Höfða.

**Guðmundur Ásgeir Sveinsson**
**Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir**
**og fjölskylda.**

---






---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Svava Ingimundardóttir**

Faxabraut 13, Keflavík,

lést laugardaginn 5. september.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 17. september kl. 13.

**Ingibjörg Jóney Kjartansdóttir** | **Sheldon Lee Myers**
**Ingimundur Kjartansson** | **Anna H. Skarphéðinsdóttir**
**Svanfríður Kjartansdóttir**
**Jón Konráð Kjartansson** | **Magnea Baldvinsdóttir**
**Hulda Rós Kjartansdóttir** | **Robert Sisk**
**Kjartan Hafsteinn Kjartansson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

✝



Við þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vinsemd vegna fráfalls elsku sonar, bróður og frænda okkar,

**Elvars Más Theodórssonar**

kvikmyndagerðarmanns

**Theodór Sigurðsson** | **Arnar Freyr Theodórsson**
**Ragnhildur G. Júlíusdóttir** | **Kristín Ólöf Grétarsdóttir**
**Silja Rós Theodórsdóttir** | **Nökkvi Freyr Arnarsson**
**Breki Steinn Arnarsson**

---

✝



Elskuleg systir okkar og frænka,

**Guðrún Guðmundsdóttir**

Hörðalandi 14, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala 10. september.

**Ragnar Þ. Guðmundsson**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Bryndís Ragnarsdóttir**
**Sigurbjörg Ragnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Magneu Garðarsdóttur**

frá Garði, Eyjafjarðarsveit, Skarðshlíð 23c, Akureyri.

Sérstakar þakkir viljum við færa heimaþjónustu og heimahjúkrun á Akureyri fyrir góða umönnun.

**Aðalsteinn Hallgrímsson** | **Ásdís Einarsdóttir**
**Kristrún Hallgrímsdóttir** | **Sigurgísli Sveinbjörnsson**
**Garðar Hallgrímsson** | **Þórunn Inga Gunnarsdóttir**
**Pálína G. Hallgrímsdóttir** | **Hergeir Einarsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólafía Jónsdóttir**

Akurbraut 34, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 5. september.
Útförin fór fram í kyrrþey í Njarðvíkurkirkju föstudaginn 11. september. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jónas Hall**
**Anna Lísa Rasmussen** | **Júlíus S. Kristjánsson**
**Brynhildur Hall Jónasdóttir**
**Kristín S. Hall Jónasdóttir** | **Vilhjálmur Pálsson**
**Linda Björk Þorsteinsdóttir** | **Aron Agnarsson**
**Kristófer Júlíusson**
**Maron Vilhjálmsson**
**Ronja Aronsdóttir**

---

✝



Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Sveinbjörn Kristjánsson**

frá Klambraseli, S.-Þing. til heimilis að Hraunvangi 3, Hafnarfirði

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 11. september 2015.
Útförin fer fram í Garðakirkju föstudaginn 18. september kl. 15.

**Stefán Sveinbjörnsson** | **Hera K. Hermannsdóttir**
**Karín M. Sveinbjörnsdóttir** | **Hermann Óskarsson**
**Árninna Ósk, Ástþór Auðunn, Stefán Friðrik,**
**Árni Þór, Harpa Ýr, Sylvía Ósk og barnabarnabörn**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður S. Þorsteinsdóttir**

Borgarnesi, áður búsett í Giljahlíð,

lést í Brákarhlíð þann 8. september
Útförin fer fram laugardaginn 19. september kl. 14 frá Reykholtskirkju.

**Meinhard Berg**
**Jónína K. Berg**
**Jóhannes Berg** | **Sólveig Jónasdóttir**
**Jón Bjarnason** | **Pálína F. Guðmundsdóttir**
**Sigurbjörg Ösp Berg**
**og langömmubörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Bjarni Stefánsson**

Faxabraut 13, Keflavík, áður Suðurgötu 33,

er látinn. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 18. september kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð.

**Magnús Sævar Bjarnason** | **Ebba Gunnlaugsdóttir**
**Jón Rúnar Bjarnason** | **Kristrún Guðmundsdóttir**
**Stefán Bjarnason** | **Margrét Sigurðardóttir**
**Ingvar Hreinn Bjarnason**
**Bjarni Bjarnason**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jóhann Páll Stefánsson**

Sunnubraut 7, Hornafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu á Hornafirði föstudaginn 28. ágúst.
Útför hans fór fram laugardaginn 12. september í Hafnarkirkju í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigrún Steindórsdóttir**
**Stefán Rúnar Jóhannsson** | **Jóhanna Fannarsdóttir**
**Elín Eyrún Jóhannsdóttir**
**Jóhann Birkir**
**Edda Björk**
**Dóra Steinunn Jóhannsdóttir** | **Jóhann S. Gústafsson**
**Embla María**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Vélahreinsir Mótorhreinsir

LIQUI MOLY



## Viltu fá auka 20 hestöfl í bílinn þinn?

### Mjög einfalt með Liqui Moly-olíubætiefnum!

Hrein vél gefur meira afl fullyrðir bætiefnaframleiðandinn. En breytir það einhverju í raun? RSP Motorsports í Ontario í Canada gerði tilraun með LIQUI MOLY -olíubætiefni. Árangurinn vekur furðu: Afköst Porsche Cayenne GTS jukust um 20 hestöfl. Togið óx einnig að sama skapi. Varmi frá vélinni minnkaði um 25°C. Tilraunir með Mercedes-Benz C320 3.2L V6 og Porsche 993 gáfu samskonar niðurstöður.

„Á mínum 43 árum sem fagmaður í bílgreininni og hafandi unnið við evrópska glæsivagna og tryllitæki bæði í Evrópu og Kanada hef ég aldrei kynnst smurefnum sem bæta og endurnýja vélar og íhluti eins og LIQUI MOLY-vörur", segir Renato Fausch, forstjóri RSP-Motorsports. Bifreiðarnar voru settar á aflprófara við tilraunina og afköst þeirra mæld á undan og eftir meðferðina með olíubætiefnunum.

Hvað var gert hjá RSP- Motorsports? Fyrst, áður en skipt var um olíuna var LIQUI MOLY Engine Flush bætt í hana. Virka efnið losar um óhreinindin, leðjuna og önnur óþrif sem síðan eru losuð út ásamt gömlu olíunni. Nýja olían kemur þá inn í hreina vél og nær besta árangri sínum. Í öðru lagi þá setti RSP á vélina alsýntetísku olíuna LIQUI MOLY Low Viscosity High Tech 5W-40. Að síðustu voru tvö bætiefni sett í vélarolíuna. Annað þeirra var LIQUI MOLY Motor Oil Saver sem vinnur á hörðum þéttingum svo þær verða aftur mjúkar og sveigjanlegar. Þetta stöðvar olíuleka og kemur í veg fyrir frekari leka í framtíðinni. Hitt efnið var LIQUI MOLY Cera Tec. Þetta er hátæknileg slitvörn, bætiefni sem ver vélina á efnafræðilegan hátt með svonefndum „friction modifier" eða núningsbreyti og með áþreifanlegum hætti með örsmáum keramikögnum sem virka sem fast smurefni. Minni núningur þýðir minna orkutap í vélinni og minni hitamyndun.

Samanlagt gaf þessi meðferð verulega aflaukningu. Vélin ofhitnar nú síður og er því betur varin gegn sliti.

En hvar á þetta tap á afli upptök sín? Ein ástæðan er notkun rangrar vélarolíu. Þeir sem halda að þeir spari í þessum efnum sóa ekki aðeins hestöflum heldur auka við óhreinindi í olíunni og þar með sliti í vélinni. Önnur ástæða á sér eðlilegar orsakir í notkun vélarinnar. Eldsneytis- og brunarestar komast í olíuhringrásina og mynda útfellingar sem hægja á vélinni. Þetta ferli gerist smátt og smátt án þess að ökumaðurinn taki almennt eftir. Því verður stund ánægjunnar meiri eftir að vélin fær hreinsunina. Ökumaðurinn finnur muninn samstundis. LIQUI MOLY-olíubætiefni eru frábært „tæki" til að tryggja viðskiptavild bílaverkstæða vegna þess að þau geta boðið augljósan og eftirtektarverðan árangur með fáum efnum á stuttum tíma.

Bætiefnin eru ekki töfralyf. Þau gera ekki kraftaverk en þau eru virk efnavara sem oft er virkur valkostur gegn vélaviðgerð. Án þeirra getur t.d. hreinsun vélar verið ansi snúið verk. LIQUI MOLY hefur meira en 50 ára reynslu af bætiefnavörum og er óumdeilt í markaðsforustu í heimalandi sínu.

**Um LIQUI MOLY**

LIQUI MOLY GmbH frá Ulm í suður Þýskalandi býður breitt svið af hágæða vörum svo sem vélarolíum, bætiefnum, umhirðu- og hreinsiefnum fyrir ökutæki og öðrum þjónustuvörum. Sviðið spannar um 4000 vöruheiti. LIQUI MOLY þróar og prófar framleiðsluvörur sínar í eigin rannsóknarstofum, framleiðir þær í Þýskalandi og markaðssetur þær. LIQUI MOLY var stofnað fyrir um 50 árum og er nú eitt af leiðandi fyrirtækjum í þessari grein. Framleiðsluvörurnar eru seldar í Þýskalandi og 110 öðrum þjóðlöndum.

**Stilling hf. er umboðsaðili og sér um dreifingu á LIQUI MOLY á Íslandi.**






Slagvatn í eldsneytinu getur aukið vélarbilanir. LIQUI MOLY íblendiefni fyrir eldsneyti verndar alla íhluti eldsneytiskerfisins gegn tæringu og sliti. Þau koma í veg fyrir tæringu vegna slagvatns í eldsneytisgeyminum, í eldsneytiskerfinu og brunakerfinu.

Tæringarvernd fyrir allt eldsneytiskerfið. Fyrirbyggjandi í hirðu ökutækja og fyrirbyggir frekari útfellingar.



Brunaleyfar og olíuleðja sem myndast í vélinni setjast í göng og rásir og mynda útfellingar á stimpilhringjunum. Þetta getur leitt til ófullnægjandi olíuflæðis, aukið hættu á sliti og skemmdum í vélinni.



LIQUI MOLY Engine Flush er bætt í olíuna fyrir olíuskipti til að hreinsa smurkerfið. Hreinsuð vél fær betri þjöppun, gildi mengunarlosunar verða lægri og hún nær aftur fullum afköstum við minni eldsneytisnotkun.

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur



Norðaustanáttin verður allsráðandi í dag og má búast við vindi á bilinu 8-15 m/s, einna hvassast allra austast og undir Vatnajökli. Súld eða dálítil rigning norðan- og austanlands, en bjart að mestu suðvestan til á landinu. Hiti 6 til 15 stig, hlýjast syðst á landinu.




# Þrautir

## Krossgáta

**Lárétt**
**2.** kirkjuleiðtogi
**6.** persónufornafn
**8.** verslun
**9.** gogg
**11.** kvað
**12.** sljóvga
**14.** einkennis
**16.** bardagi
**17.** gagn
**18.** vel búin
**20.** peninga
**21.** ekki úti

**Lóðrétt**
**1.** stjórnarumdæmis
**3.** í röð
**4.** sýklalyf
**5.** svelg
**7.** matarlím
**10.** fálæti
**13.** vöntun
**15.** baklaf á flík
**16.** ái
**19.** ónefndur



**LÁRÉTT: 2.** páfi, **6.** ég, **8.** búð, **9.** nef, **11.** ku, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** at, **17.** nyt, **18.** fín, **20.** fé, **21.** inni.
**LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** áb, **4.** fúkalyf, **5.** iðu, **7.** gelatín, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** afi, **19.** nn.

Heimsbikarmótið í skák er í fullum gangi í Bakú. Þar gerast oft óvæntir hlutir eins og t.d. Indverjinn Vidit lék 38. ... Rd3-f4??.

**Hvítur á leik**
Kúbverjinn Lazaro Bruzon (2.659) lék um hæl **39. Rg4#!** 128 skákmenn hófu þátttöku og meðal þeirra sem hafa þegar þurft að pakka saman eru Kamsky og Gelfand.

**www.skak.is:** Huginn hraðskákmeistari taflfélaga.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 |
| | | 7 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| | 2 | 3 | 5 | | | | | |
| | 5 | | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | 3 | 9 | |
| 5 | 7 | | | 3 | 1 | 4 | 6 | |
| | | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 9 | 3 | | | 2 | 5 |
| | | 3 | | 6 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | |
| | | | 1 | | 3 | 9 | 5 | |
| | | 6 | | 9 | 4 | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | 8 | | |
| | | 1 | 3 | 5 | | | | 9 |
| | | | | | | 5 | | 8 |
| | | 2 | | | | 4 | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | 1 | | 4 | | | 6 |
| | | | 8 | 9 | | | 5 | |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | 7 | 1 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MAGGI EIRÍKS
AUKATÓNLEIKAR
laugardaginn 19. september kl. 17
Miðasala á harpa.is | 528 5050 | tix.is
70 ára
Reyndu aftur
Braggablús
Elska þig
Vegurinn heim
Samferða
Ó, þú
Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við: KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson og Ragnheiður Gröndal. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.
Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.
Kl. 21 – Uppselt
Kl. 17 – Aukatónleikar
Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is
HARPA
DÆGURFLUGAN

# Fumlaust, óheft, leikandi létt

TÓNLIST

**Verk eftir Mozart, Schumann og Jórunni Viðar**

Fimmtudagur 10. september.
**Flutningur: Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Stjórnandi: Cornelius Meister**
**Einleikari: Arngunnur Árnadóttir**

★★★★☆

Rétt eins og Hafnfirðingabrandarar þá er til fullt af klarinettubröndurum. Hér er einn: Hver er munurinn á klarinettu og lauk? Svar: Enginn grætur þegar þú skerð klarinettuna niður í litla bita. Annar: Hvað kallarðu hóp klarinettuleikara í heitum potti? Grænmetissúpu. Sá þriðji: Hverju kastarðu til drukknandi klarinettuleikara? Klarinettutöskunni.

Ég veit ekki af hverju klarinettuleikarar eru svo forsmáðir að fólki er ráðlagt að bjarga þeim EKKI ef þeir eru að drukkna. Ég veit bara að ég myndi henda mér út í ef Arngunnur Árnadóttir klarinettuleikari væri í slíkum aðstæðum. Ekki nema til að fá að heyra hana spila Mozart aftur. Einleikur hennar með Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem hún spilaði konsertinn í A-dúr var með því fegursta sem ég hef lengi heyrt.

Það var eitthvað ótrúlega ferskt við túlkunina. Hægi kaflinn var hrífandi einlægur, unaðslega mjúkur og dreymandi. Hröðu kaflarnir voru sömuleiðis fumlausir, óheftir og leikandi léttir. Hljómsveitin spilaði líka af aðdáunarverðri fagmennsku undir öruggri stjórn Cornelius Meister. Hljómsveitarleikurinn var notalega blátt áfram og tæknilega nákvæmur. Þetta var dásamlegur flutningur.

Tvö önnur verk voru á dagskránni. Annað var stutt og nefndist Eldur eftir Jórunni Viðar. Tónlistin skartaði grípandi laglínum en virkaði nokkuð sundurlaus. Enda var hún samin sem balletttónlist, átti greinilega að falla að tiltekinni atburðarás. Það væri gaman að heyra Eld og sjá dansinn við hann. Tónlistin hefur verið leikin áður á tónleikum, en dansinn hefur vantað. Án hans er verkið aðeins skugginn af sjálfu sér.

Meira var varið í Vorsinfóníu Schumanns. Þetta er fyrsta sinfónía tónskáldsins, kölluð svo vegna þess hve glaðleg hún er. Schumann þjáðist af geðhvarfasýki. Þegar hann var í maníu samdi hann og samdi, stundum á undraskömmum tíma. Árið 1841 var hamingjuríkur tími í lífi hans og hann skutlaði sinfóníunni á blað á fjórum dögum. Hljómsveitin lék prýðilega undir stjórn Meisters, túlkunin var full af ákefð. Strengirnir voru breiðir og safaríkir, blásararnir pottþéttir. Heildarmyndin var kraftmikil og litrík, akkúrat eins og verkið átti að hljóma. Maður hálfpartinn dansaði út í náttmyrkrið á eftir.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær Mozart þar sem Arngunnur Árnadóttir fór á kostum. Schumann kom líka vel út.

TIL BÓKAÚTGEFENDA:

**Bókatíðindi 2015**

Skráning nýrra bóka í Bókatíðindi 2015 er hafin.

Útgefendur eru hvattir til að skrá bækur sínar sem allra fyrst en lokaskil vegna kynninga eru 14. október.

Bókatíðindum verður sem fyrr dreift á öll heimili á Íslandi.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

Hægt er að leggja fram bækur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2015 til 14. október nk.

Allar upplýsingar á skrifstofu Félags íslenskra bókaútgefenda.
Netfang: fibut@fibut.is

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA
www.fibut.is

# Konur hér og nú í 30 ár

**Fyrir 30 árum var opnuð á Kjarvalsstöðum sýningin Hér og nú. Sýningin var hluti af Listahátíð kvenna árið 1985 og tóku 28 myndlistarkonur þátt í henni. Síðastliðinn laugardag var opnuð, einnig á Kjarvalsstöðum, sýningin Kvennatími – Hér og nú þrjátíu árum síðar.**

Fyrir þrjátíu árum var opnuð á Kjarvalsstöðum sýningin Hér og nú. Sýningin var hluti af Listahátíð kvenna árið 1985 og tóku 28 myndlistarkonur þátt í sýningunni. Síðastliðinn laugardag var svo opnuð á Kjarvalsstöðum sýningin Kvennatími – Hér og nú þrjátíu árum síðar.

Sýningarstjóri Kvennatími – Hér og nú þrjátíu árum síðar er Anna Jóa, myndlistarmaður og listfræðingur, og hún segir að hún hafi nú aðeins verið unglingur á fyrsta ári í menntaskóla þarna fyrir þrjátíu árum en hafi engu að síður verið fengin til að stýra sýningunni í ár.

„Þetta byggir á þessari hugmynd að kalla aftur saman þennan hóp og tilefnið er ákveðið kvennasamhengi. Á sínum tíma var það Listahátíð kvenna sem var haldin vegna loka kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna en í dag er tilefnið 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Þetta var hópur 28 kvenna sem sýndu árið 1985 og þær eru þarna allar nema ein, eru 27 í dag en tvær eru reyndar látnar og við sýnum verk eftir þær.

Þetta er flottur hópur af listamönnum og þær hafa allar verið virkar á listasviðinu í þessi þrjátíu ár og ég bað þær um að vera með nýleg verk. Sumar hafa reyndar verið virkar á öðrum sviðum en myndlistinni, eins og t.d. Valdís Óskarsdóttir kvikmyndagerðarkona og Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir leikmyndahönnuður, en þær eru þarna báðar með ný verk.

Annars eru þetta virkar myndlistarkonur sem hafa verið missýnilegar hin síðari ár en þó eru langflestar mjög þekktar og virkar. En þetta eru ólíkir listamenn sem vinna með ólíka miðla þannig að það var krefjandi að setja saman sýninguna sem er þó fjölbreytt og skemmtileg fyrir vikið.“

Anna segir að verkin geti í raun ekki talist einhver sérstök kvennaverk. „Þetta eru ekki verk sem fjalla eitthvað sérstaklega um jafnréttisbaráttuna eða konur, það eru þó nokkur verk sem tengjast konum með sérstökum hætti en meirihlutinn er um allt mögulegt eins og var fyrir þrjátíu árum. Þá var hugmyndin að sýna hvað konur væru að fást við í myndlist hér og nú og þetta er sama pælingin núna. Kvennasamhengið kemur meira fram í titli sýningarinnar þar sem vísað er í kvennatíma á þessum þrjátíu árum sem eru liðin. Einn þáttur sýningarinnar er að við erum með skissur og annað grúsk sem sýna sköpunarferlið og þannig gefum við aðeins tilfinningu fyrir tímanum.

Ég tók líka viðtöl við þessar konur sem segja okkur sitthvað um stöðu kvenna í myndlist og hvernig er að vera kona í myndlistarheiminum. Þetta eru mikilvæg viðhorf kvenna sem hafa lifað á þessum tíma í þrjátíu ár.“

Aðspurð hvort þörf hafi verið fyrir sérstaka kvennasýningu á borð við þessa segir Anna Jóa að hún sé óneitanlega enn til staðar. „Eflaust er þörfin ekki jafn mikil og hún var þá, sem sést vel á því ef maður lítur til kvenna í myndlist af eldri kynslóðinni og stöðu þeirra í myndlistarheiminum. Það sýnir svo ekki verður um villst að það veitir ekki af sérstökum sýningum þar sem þeirra framlag er gert sýnilegra en ella. Auðvitað hefur listheimurinn breyst en maður sér til að mynda á Listasögunni sem var gefin út árið 2011 hvað hlutur kvenna hefur verið rýr í samanburði við karlana. Öll umfjöllun og útgáfa er konum mjög í óhag og erfiðara fyrir konu að ná í gegn. Eins er þetta varðandi markaðinn; þá er það einfaldlega staðreynd að verkin eru síður metin og að það er borgað minna fyrir verk eftir konu. Þetta segja þær allar sem hafa verið í þessu lengi óháð því hversu þekktar þær eru og þannig er þetta bæði hér heima og úti í hinum stóra heimi. Þannig að þörfin fyrir að taka á þessum málum er svo sannarlega til staðar þó svo heilmikið hafi áunnist.“

Anna Jóa segir að eftirfylgni sé líka mikilvægur þáttur í þessu ferli og að næsta föstudag verði hún með sýningarstjóraspjall á Kjarvalsstöðum í hádeginu.

„Svo verður líka málþing í tengslum við þessa sýningu 14. nóvember og þá gefst tækifæri til þess að fara yfir stöðuna og ræða þetta kvenár vítt og breitt. Það hafa verið ýmsar sýningar í gangi sem þessu tengjast og það er mikilvægt að vinna úr því og skoða hverju þetta hefur skilað.“

**magnus@frettabladid.is**



**Anna Jóa sýningarstjóri á sýningunni á Kjarvalsstöðum.** Fréttablaðið/GVA

**ÖLL UMFJÖLLUN OG ÚTGÁFA ER KONUM MJÖG Í ÓHAG OG ERFIÐARA FYRIR KONU AÐ NÁ Í GEGN. EINS ER ÞETTA VARÐANDI MARKAÐINN; ÞÁ ER ÞAÐ EINFALDLEGA STAÐREYND AÐ VERKIN ERU SÍÐUR METIN OG AÐ ÞAÐ ER BORGAÐ MINNA FYRIR VERK EFTIR KONU.**

## Sýnendur á Kvennatími – Hér og nú þrjátíu árum síðar

Arngunnur Ýr Gylfadóttir, Ásdís Sigurþórsdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Björg Örvar, Borghildur Óskarsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Erla Þórarinsdóttir, Guðný Magnúsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Hansína Jensdóttir, Harpa Björnsdóttir, Hulda Hákon, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Íris Elfa Friðriksdóttir, Jóhanna Bogadóttir, Jóhanna Kristín Yngvadóttir, Ragna St. Ingadóttir, Rósa Gísladóttir, Sigrún Harðardóttir, Sóley Eiríksdóttir, Valdís Óskarsdóttir, Valgerður Hauksdóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir

VERÐHRUN!

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18 • MÖRKINNI 1

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

## MIKIÐ ÚRVAL BÓKA Á 99 KR.




## ALDREI MEIRA ÚRVAL AF BARNABÓKUM!

BÓKAPAKKAR Á FRÁBÆRU VERÐI | OG NÚ ENN LÆGRA VERÐ!

## ALLIR SEM VERSLA FÁ FRÍA BÓK!

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG
SÁLFRÆÐIÞRILLER AF BESTU GERÐ
KNOCK KNOCK
LOVE & MERCY
SELF/LESS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
NÝJASTA MYND GUY RICHIE LEIKSTJÓRA SNATCH OG SHERLOCK HOLMES
U.N.C.L.E.

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 16 |
| KNOCK KNOCK VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| LOVE & MERCY | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SELF/LESS | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| INSIDE OUT ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 10:30 | 16 |
| LOVE & MERCY | KL. 8 | 12 |
| THE TRANSPORTER REFUELED | KL. 10:20 | 16 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 | 12 |
| VACATION | KL. 5:50 | 12 |
| INSIDE OUT ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| SELF/LESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| LOVE & MERCY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |
| ANT-MAN 2D | KL. 10:45 | 12 |
| INSIDE OUT ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| LOVE & MERCY | KL. 8 | 12 |
| MAZE RUNNER: SCORCH TRIALS | KL. 10:30 | 12 |
| VACATION | KL. 6 | 12 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL.TAL 3D | KL. 5:40 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
MAZE RUNNER SCORCH TRIALS
ZAC EFRON WE ARE YOUR FRIENDS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
THE TRANSPORTER REFUELED
NO ESCAPE
AIDA
Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MAZE RUNNER | 6, 9 |
| NO ESCAPE | 5:45, 8, 10:15 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | 10:20 |
| THE GIFT | 8 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6 |

Góða skemmtun í bíó

ÚTSÖLULOK
ÚTSALAN LÝKUR LAUGARDAGINN 19. SEPT.
ATH!
rekkjan
HEILSURÚM

Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?
Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.
Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is
Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is
LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

**Hvað?** Jazzkvöld á Kexi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Tríóið Jónsson & More, skipað bræðrunum Ólafi Jónssyni á saxófón og Þorgrími Jónssyni á kontrabassa auk trommuleikarans Scott McLemore, kemur fram á Kexi í kvöld. Þeir munu leika lög af nýútkomnum geisladisk tríósins, No Way Out, ásamt nokkrum uppáhaldsstandördum.

**Hvað?** Hádegisfyrirlestur í tengslum við sýninguna Hvað er svona merkilegt við það?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Sagnfræðingurinn Kristín Svava Tómasdóttir mun flytja fyrsta fyrirlestur haustsins á vegum Þjóðminjasafnsins. Erindi Kristínar Svövu tengist sýningunni Hvað er svona merkilegt við það? sem stendur yfir í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Sýningin er framlag safnsins til 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna og fjallar um störf íslenskra kvenna frá 1915 til dagsins í dag og baráttu þeirra fyrir réttindum sínum.

**Hvað?** Tónleikar með Jessie J
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Laugardalshöllin
Enska stjarnan Jessie J treður upp í Laugardalshöll. Söngkonan, sem er frá London, sló fyrst í gegn með laginu Do It Like a Dude og hefur átt fjölda af smellum síðan þá. Hún hefur einnig verið þjálfari í bresku útgáfunni af The Voice.

**Hvað?** #Öllbörn – Styrktartónleikar fyrir sýrlenska flóttamenn
**Hvenær?** 19.00



Jazzkvöldin á Kexi vekja gjarnan lukku.

**Hvar?** Húrra, Naustunum, 101 Reykjavík
Margir þekktir tónlistarmenn munu koma fram á styrktartónleikum fyrir sýrlenska flóttamenn. Allur ágóði tónleikanna mun renna óskertur til starfs UNICEF í Sýrlandi og nágrannaríkjum þar sem flóttamannastraumurinn er sem mestur. Bylgja Babýlons verður kynnir og eftirfarandi tónlistarmenn koma fram: Úlfur Úlfur, Sísí Ey, Mosi Musik, Kött Grá Pje, Lay Low, Fox Train Safari, Bellstop. Hver og einn ræður hvað hann vill borga fyrir miðann (lágmark: 1.500 kr.) og þar með hve mikið rennur í sjóðinn. Auk þess verða styrktarbaukar á staðnum. Miðar verða eingöngu seldir við innganginn. Fyrir þá sem ekki komast en vilja styrkja það frábæra starf sem UNICEF er að vinna er hægt að styrkja starfið um 1.900 kr. með því að senda „UNICEF“ á 1900.

## Sýningar

**Hvað?** Aida eftir Verdi
**Hvenær?** 18.45
**Hvar?** Háskólabíó
Aida er stærsta ópera sem gerð hefur verið á óperusviði. Hún verður sýnd í Háskólabíói. Útsendingartími er um það bil 2 klst. og 25 mínútur, þar á meðal 15 mínútna millikafli sem er fluttur á ítölsku með enskum texta.

**Hvað?** Sýningin Rýmisþræðir
**Hvenær?** 12.00 17.00
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Sýningin Rýmisþræðir var opnuð um helgina. Í tilkynningu frá Listasafninu á Akureyri segir: „Þræðir tengja Ragnheiði Björk Þórsdóttur við lífið, upprunann og uppsprettuna. Þeir eru í senn efniviðurinn og viðfangsefnið í listsköpun hennar og mynda uppistöðu, ívaf og þannig verkin sjálf. Þráðurinn er eins og blýantur og vefnaður eins og teikning úr þráðum. Það er einhver galdur í vefnaðinum, hann er svo óendanlega tengdur lífinu, örlögum og sögu mannsins á jörðinni. Vefnaður er í senn erfiður andstæðingur og góður vinur sem felur bæði í sér einfaldleika og fjölbreytileika og reynir þannig bæði á líkama og sál.“

**Hvað?** Sýning Georgs Guðna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Höfuðstöðvar Arion banka, Borgartúni 19
Sýning með verkum Georgs Guðna var opnuð í höfuðstöðvum Arion banka um helgina. Hún stendur til 11. desember. Í tilkynningu segir: „Georg Guðni (1961-2011) er einn áhrifamesti listamaður þjóðarinnar en með málverkum sínum af íslenskri náttúru er hann talinn hafa endurvakið landslagið í íslenskri myndlist. Í þeim birtist ekki eingöngu sú fagra ásýnd íslenskrar náttúru sem okkur er orðið tamt að sjá, heldur birtast okkur þar bæði óminnis ásar og sögulaus auðn, jafnt ókunnir dalir sem nafnlaus fjöll. Sem áhorfendur upplifum við okkur eiginlega alls staðar og hvergi, áttavillt í nýsköpuðu en jafnframt kunnuglegu landslagi. Hér birtist okkur náttúran með sama hætti og hún birtist í huga málarans, á svæði hugsunar þar sem ímyndun og veruleiki renna saman.“

## Íþróttir

**Hvað?** Þróttur gegn Haukum
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Valbjarnarvöllur
Þróttur fær lið Hauka í heimsókn. Þróttarar eiga góða möguleika á að komast upp í úrvalsdeildina og getur sigur gegn Haukum tryggt annað sætið og þar með réttinn til að leika í efstu deild. Haukar eru með 33 stig og eru í sjötta sæti deildarinnar. Með sigri getur liðið komist upp í 5. sætið.


Jessie J verður í Laugardalshöll í kvöld.

Örlátur maður hlýtur ríkulega umbun og sá sem gefur öðrum að drekka fær þorsta sínum svalað...
www.versdagsins.is




FRÉTTABLAÐIÐ

TAKTU ÞÁTT Í BÍÓLEIK FRÉTTABLAÐSINS. SENDU TÖLVUPÓST Á LEIKUR@FRETTABLADID.IS MEÐ NAFNI, KENNITÖLU, SÍMANÚMERI OG NETFANGI. HEPPNIR ÞÁTTTAKENDUR FÁ MIÐA Á LOVE & MERCY




2 | 19:50
**PROJECT GREENLIGHT**
Raunveruleikaþættir þar sem leikararnir og leikstjórarnir Matt Damon og Ben Affleck leitast við að skoða gerð kvikmynda og leiðbeina þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð. Þeir skoða handrit frá ungum handritahöfundum og leikstjórum. Frábærir þættir frá HBO fyrir þá sem elska kvikmyndagerð.

FRÁBÆR
**ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 19:25
**HJÁLPARHÖND**
Vönduð þáttaröð í umsjá Rikku sem fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi.



2 | 20:30
**EMPIRE**
Spennandi þættir um Lucious Lyon sem státar af mikilli velgengni í tónlistarheiminum þegar hann greinist með alvarlegan sjúkdóm.




2 | 21:15
**THE CASUAL VACANCY**
Þegar Barry Fairbrother, bæjarfulltrúi í breska bænum Pagford lætur skyndilega lífið eru margir bæjarbúar sem sækjast eftir starfi hans.




b | 22:00
**SEX AND THE CITY**
Geysivinsæl bíómynd byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum með vinkonunum í New York.



3 | 20:25
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Krakkastöðin | 18:00
**KALLI Á ÞAKINU**
Bráðfjörug teiknimynd með óþekkasta Kalla í heimi, Kalla á þakinu.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.
Nánari upplýsingar á **365.is**


# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.30** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The World's Strictest Parents
**11.20** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**11.45** Lífsstíll
**12.05** Hið blómlega bú 3
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.05** Britain's Got Talent
**15.05** Touch Önnur þáttaröðin með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn. Þegar faðirinn uppgötvar að sonurinn getur séð fyrir atburði sem enn hafa ekki átt sér stað breytist líf þeirra svo um munar.
**15.45** The Amazing Race
**16.30** Bad Teacher
**16.55** Teen Titans Go
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.25** Hjálparhönd
**19.50** Project Greenlight
**20.30** Empire
**21.15** The Casual Vacancy Vandaðir breskir þættir byggðir á metsölubók J.K. Rowling og eru úr smiðju HBO.
**22.15** The Strain
**23.00** Last Week Tonight with John Oliver
**23.30** Louie
**23.55** Covert Affairs
**00.35** Mistresses
**01.25** Rita
**02.10** Major Crimes
**02.55** Diary Of A Wimpy Kid. Dog Days
**04.30** The Host


Hjálparhönd, 19.25

## SPORT

**10.00** Spænsku mörkin 2015/2016
**10.30** Juventus - Chievo Verona
**12.10** FH - ÍBV
**14.00** Pepsímörkin 2015
**15.15** Fram - Víkingur Ó.
**16.55** Evrópudeildin
**17.45** Ítölsku mörkin 2015/2016
**18.15** Meistaradeildin - Meistaramörkin Bein útsending
**21.30** Eindhoven - Man. Utd.
**23.20** Man. City - Juventus
**01.10** Real Madrid - Shakhtar Donetsk

## SPORT 2

**07.00** West Ham - Newcastle
**08.40** Messan
**11.05** WBA - Southampton
**12.45** Football League Show 2015/16
**13.15** Premier League World 2014/
**13.45** Crystal Palace - Man. City
**15.25** Pepsímörkin 2015
**16.40** Arsenal - Stoke
**18.20** West Ham - Newcastle
**20.00** Premier League Review 2015
**20.55** Messan
**22.10** Man. Utd. - Liverpool
**23.50** Everton - Chelsea

## GOLFSTÖÐIN

**08.20** European Tour 2015
**12.20** Champions Tour Highlights
**13.15** This Is the Presidents Cup
**13.40** European Tour 2015
**16.20** US Open 2015
**18.00** Golfing World 2015
**18.50** European Tour 2015
**22.50** Golfing World 2015
**23.40** Inside the PGA Tour 2015

## STÖÐ 3

**18.35** Baby Daddy
**19.00** World's Strictest Parents
**20.00** Suburgatory
**20.25** One Born Every Minute
**21.15** Justified Dramatískir þættir um lögreglumanninn Raylan Givens sem reynir að halda uppi lögum og reglu í smábæ í Kentucky með óhefðbundnum aðferðum.
**22.00** The Last Ship
**22.45** Legit
**23.10** The Originals
**23.55** The Mysteries of Laura Skemmtilegir gamanþættir með Debra Messing í aðalhlutverki.
**00.40** World's Strictest Parents
**01.40** Suburgatory
**02.05** One Born Every Minute
**02.55** Justified
**03.40** The Last Ship
**04.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN


Dóra könnuður 07.00

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Hókus Pókus
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Tommi og Jenni
**08.55** UKI
**09.00** Brunabílarnir
**09.22** Lukku láki
**09.47** Elías
**10.00** Kalli á þakinu
**10.25** Latibær
**10.47** Stóri og Litli
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Hókus Pókus
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Tommi og Jenni
**12.55** UKI
**13.00** Brunabílarnir
**13.22** Lukku láki
**13.47** Elías
**14.00** Kalli á þakinu
**14.25** Latibær
**14.49** Stóri og Litli
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Hókus Pókus
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Tommi og Jenni
**16.55** UKI F
**17.00** Brunabílarnir
**17.22** Lukku láki
**17.47** Elías
**18.00** Kalli á þakinu
**18.25** Latibær
**18.49** Stóri og Litli
**19.00** Puss N'Boots

## GULLSTÖÐIN

**17.20** Strákarnir
**17.50** Friends
**18.15** The New Girl
**18.40** Modern Family
**19.05** How I Met Your Mother
**19.30** Veggfóður
**20.20** Tossarnir
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** Fringe
**22.30** Cold Case Vonin lifir því sönnunargögnin deyja aldrei.
**23.15** Chuck
**00.00** Veggfóður
**00.50** Tossarnir
**01.35** Fringe
**02.15** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45** Another Cinderella Story
**13.20** Draugabanarnir II
**15.05** The Way Way Back
**16.50** Another Cinderella Story
**18.25** Draugabanarnir II Skemmtileg gamanmynd frá 1988 með Bill Murray, Dan Ackroyd og Sigourney Weaver í aðalhlutverkum. Hugsanir íbúa New York-borgar eru svo svartar að þær hafa brauðfætt óteljandi púka sem búa í holræsum borgarinnar. Draugabanarnir eru fengnir til að létta þessari áþján af borgarbúum.
**20.15** The Way Way Back
**22.00** Sex and the City Geysivinsæl bíómynd byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum. Í myndinni tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í þáttunum. Carrie Bradshaw er loksins að fara að ganga í það heilaga með Mr. Big. En að sjálfsögðu mun sú langþráða hjónavígsla ekki ganga auðveldlega.
**00.25** The Devil's Double
**02.15** Trust
**04.00** Sex and the City

## RÚV

**16.20** Spánn - Grikkland Bein útsending
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Konunglegar kræsingar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Íþróttaafrek sögunnar
**20.45** Hefnd
**21.30** Kínverska aðferðin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** EM stofa
**22.35** Kóðinn
**23.30** Vitnin
**00.30** Kastljós
**01.10** Fréttir
**01.25** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** The Office
**15.00** Top Chef
**15.45** The Good Wife
**16.25** Eureka
**17.05** America's Next Top Model
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Welcome to Sweden
**20.15** Reign Mary Drottning Skotlands, er ætlað að giftast frönskum prins og tryggja þar með bandalag Frakklands og Skotlands. Hún kemst hins vegar fljótt að því að ráðahagurinn er síður svo öruggur og að pólitískir fjandmenn í frönsku hirðinni leggja allt í sölurnar til að koma í veg fyrir brúðkaupið.
**21.00** Parenthood
**21.45** Ray Donovan Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan.
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** American Odyssey
**00.35** Girlfriends' Guide to Divorce
**01.20** Satisfaction
**02.05** Parenthood
**02.50** Ray Donovan
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin










*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM70683

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Tryllingurinn baksviðs

Tískuvikan í New York stendur nú sem hæst. Diane Von Furstenberg er iðulega litrík og með þeim hressari, og ekki brást henni bogalistin í þetta skiptið. Fjörið er þó ekki bundið við tískupallana eina, því iðulega er mikið um dýrðir baksviðs þar sem nafntogaðir mæta, til að sýna sig og sjá aðra.



Aðalnúmerið, Diane von Furstenberg, naut sín í hvívetna.



Kyle Jenner sýndi hönnun Diane Von Furstenberg, og var augljóslega í essinu sínu, hvort sem var á pöllunum eða á bak við.



Kanónurnar Karlie Kloss, Gigi Hadid og Irina Shayk gengu fyrir Diane á sýningunni. Þær þykja með þeim allra flottustu á pöllunum um þessar mundir.



Leik-og söngkonan Victoria Justice bar af baksviðs, en hún þykir hafa hitt naglann á höfuðið íklædd þessum fallega samfestingi, en meginninntak sýningarinnar var einmitt sjöundi áratugur síðustu aldar.



Nicky Hilton mætti og skartaði þessari stórfínu óléttukúlu.



Fjölmiðlamógúllinn Diane Sawyer lét sig ekki vanta hjá nöfnu sinni.



Leikkonan Malin Akerman og ljósmyndarinn Katie Laas Ellis voru býsna ánægðar með sig að tjaldabaki.

# Ungar athafnakonur með skýra stefnu fyrir veturinn

Í dag verður fyrsti fundur vetrarins hjá Ungum athafnakonum. Þar verður kynnt dagskrá fyrir komandi misseri ásamt því að Halla Tómasdóttir, einn af stofnendum Auðar Capital, heldur fyrirlesturinn „Invest like a girl“ en hún hefur flutt erindið víða við góðar undirtektir.

Fyrir ári var stofnfundur Ungra athafnakvenna haldinn og þar var meðal annars kosið í stjórn en í ár eru þær að leita að nýjum stjórnarmeðlimi.

„Dagskráin fyrir veturinn er með svipuðu sniði og seinasta ár nema mun metnaðarfyllri og með skýrari stefnu. Við erum með fleiri viðburði enda búnar að vera að undirbúa dagskrána í allt sumar. Við erum með nokkur vandamál sem við höfum viljað einblína á. Við höfum verið með fyrirlestra um samningatækni með áherslu á launamál en hugarfar í þeim málum er eitthvað sem við viljum breyta,“ segir Lilja Gylfadóttir, formaður samtakanna.

Búist er við að yfir 100 manns mæti í kvöld en viðburðurinn er opinn öllum ungum konum sem vilja kynnast störfum UAK og hlusta á fyrirlestur Höllu.

Dagskrá vetrarins hefst strax eftir tvær vikur með áhugaverðum pallborðsumræðum. „Við höldum þær í samvinnu við VÍB þar sem við fáum nokkrar konur sem hafa gert það gott í íslensku atvinnulífi. Þær ætla til dæmis að segja frá hindrunum sem þær hafa orðið fyrir, hvað þær þurftu að gera til þess að stíga yfir þær og hvort það sé eitthvað búið að breytast í dag,“ segir Lilja Gylfadóttir, formaður Ungra athafnakvenna.

Hægt er að sækja um stöðu í stjórn UAK í gegnum ungarathafnakonur@gmail.com.



Ungar athafnakonur



Eru þetta þín skilaboð?
Einelti rænir mörg börn og unglinga gleðinni sem þau ættu að njóta. **Á allra vörum** styrkir Erindi og uppbyggingu samskiptaseturs fyrir ungmenni sem glíma við einelti.
**Með því að kaupa Á allra vörum varasettið leggur þú þessu brýna málefni lið.**
Varasettið fæst á yfir 150 sölustöðum um land allt. Nánar um sölustaði, átakið og starfsemi Erindis á **aallravorum.is**, **erindi.is** og **facebook.com/aallravorum.is**
**#eineltieroged**
Á ALLRA VÖRUM
benecos
STÓRVELDIÐ
PIPAR\TBWA
benecos
GASSI STUDIO
vodafone
PIPAR\TBWA • SÍA

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 15-0919




# Posi með **myntvali**

Bjóddu viðskiptavinum þínum upp á **Myntval**. Með **Myntvali** (DCC) skynjar posinn ef kortið er erlent og korthafi getur valið gjaldmiðilinn sem hann greiðir í.

ÞÚ SÉRÐ UM **SÖLUNA** – VIÐ SJÁUM UM **GREIÐSLUNA**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is





**Hin vinsæla sveit Úlfur Úlfur verður á staðnum í kvöld.** Fréttablaðið/Ernir

# Þetta verður tryllingur til góðs

Margir þekktir tónlistarmenn koma fram á Húrra í kvöld, á tónleikum til styrktar sýrlenskum flóttamönnum. „Við eigum að hjálpa fólki í neyð,“ segir rapparinn Kött Grá Pjé.

„Við erum að springa úr spenningi. Þetta verður tryllingur til góðs,“ segir rapparinn Atli Sigþórsson, einnig þekktur sem Kött Grá Pjé, um styrktartónleika sem fara fram á Húrra í kvöld. Tónleikarnir bera yfirskriftina #Öllbörn og eru til styrktar sýrlenskum flóttamönnum. „Við viljum gera það sem við getum til að hjálpa fólki í neyð,“ segir Helgi Sæmundur Guðmundsson, annar af tveimur meðlimum sveitarinnar Úlfur Úlfur.

Margir þekktir tónlistamenn koma fram á Húrra í kvöld. Ásamt Úlfi Úlfi og Kött Grá Pjé munu Sísí Ey, Mosi Musik, Lay Low, Fox Train Safari og Bellstop koma fram. „Ef fólk er sammála þessum málstað; að við eigum að hjálpa flóttamönnum í neyð, þá á það að mæta í kvöld. Það er ekki nóg að tala bara um þetta á Facebook. Með því að mæta á tónleikana er hægt að leggja sitt af mörkum,“ segir Helgi Sæmundur.

Kött Grá Pjé hefur ekki spilað á tónleikum svo mánuðum skiptir. „Þetta verður mitt fyrsta gigg í hálft ár og ég viðurkenni að það er spennandi að stíga aftur á sviðið. Strákarnir sem eru með mér og ég erum mjög spenntir að koma fram.“

Hálfs árs pásuna hefur rapparinn nýtt vel. „Ég vildi bara hvíla mig á að skralla og djöflast á sviði. Ég er bara búinn að vera að gera tónlist og skrifa í rólegheitunum.“

Helgi Sæmundur og Arnar Freyr Frostason í Úlfi Úlfi sendu frá sér plötuna Tvær plánetur í sumar og hafa viðtökurnar verið frábærar. Sveitin er ein sú vinsælasta á landinu í dag og geta aðdáendur hennar hlakkað til, því von er á meiru. „Við erum ekkert að slaka á. Við erum búnir að vera að fylgja plötunni eftir og erum líka að plana nýtt verkefni,“ útskýrir Helgi.

Bæði Helga Sæmundi og Atla þykir mikilvægt að geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar á kvöldi sem þessu. „Ég er mikill andþjóðernissinni og í raun „andlandamærasinni“, ef ég má taka þannig til orða. Fyrir mér er þetta svo borðleggjandi, við eigum að hjálpa fólki í neyð, sama hverrar trúar það er og hvaðan það kemur,“ segir Atli. Helgi tekur undir þau orð Atla. „Við munum gefa allt í þessa tónleika, gefa fólkinu sem mætir til að styðja málstaðinn allt sem við eigum. Það er fínt að hafa þessa tónleika á þriðjudagskvöldi, þetta verður svo gaman að það verður alveg þess virði að vera slappur á miðvikudeginum.“

Húrra verður opnað klukkan 19 í kvöld. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en þeir sem vilja geta greitt hærri upphæð. Allur ágóði tónleikanna rennur óskertur til starfs UNICEF í Sýrlandi.

**kjartanatli@frettabladid.is**



**Lay Low kemur fram á Húrra í kvöld.**

**ÉG ER MIKILL ANDÞJÓÐERNISSINNI OG Í RAUN „ANDLANDAMÆRASINNI“, EF ÉG MÁ TAKA ÞANNIG TIL ORÐA. FYRIR MÉR ER ÞETTA SVO BORÐLEGGJANDI, VIÐ EIGUM AÐ HJÁLPA FÓLKI Í NEYÐ, SAMA HVERRAR TRÚAR ÞAÐ ER OG HVAÐAN ÞAÐ KEMUR.**



**Andþjóðernissinninn Kött Grá Pjé er ánægður að geta lagt lóð sitt á vogarskálarnar.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjalti Egilsson *hjalti@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir *geira@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Þriðjudags
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
ÍTALÍA: Ferskur mozzarella, kirsuberjatómatar og basilpestó
WWW.DOMINOS.IS
DOMINO'S APP
SÍMI 58 12345
PIPAR\TBWA · SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Véfréttin á Bessastöðum

Svo virðist sem Ólafur Ragnar sé lenging (við Íslendingar höfum ekki gaman af styttingum) á enska orðinu oracle, það er að segja véfrétt.

Eins og við vitum báru menn allar meiriháttar ákvarðanir undir véfréttina í Delfí í Grikklandi hinu forna. Hún stóð í eiturgufum og talaði í óráði svo skáldlegt ímyndunarafl þurfti til að túlka svar hennar. Við Íslendingar búum svo vel að forseti vor getur gert þetta sama allsgáður.

Þessi skemmtan sem þjóðin hefur af því að rífast um hvað Ólafur Ragnar segir er ágætis dægrastytting, en hún gefur þó til kynna að þjóðin sé orðin löt og ráðalaus. Hún veit ekki hvað hún vill fyrr en hún veit hvað forsetinn vill. Hún vill ekki ríða á vaðið heldur bíða bara úrslita einsog lífið sé endalaust Eurovision eða knattspyrnuleikur.

En það má ekki gleymast að áður en maður tekur við einhverjum leiðbeiningum, skipunum eða skilaboðum er betra að þekkja sjálfan sig, vita hvaðan komið er og hvert vilji stendur til að fara. Ég er ekkert viss um að okkar þjóð viti þetta nú á tímum þegar öll umræðan og ákvarðanir um hana byggjast aðallega á því hvað sé gróðavænlegast. Tal sem ekki er stutt með gróðatölum þykir óábyrgt. En Excel segir þér ekkert um það hver þú ert.

Ödipus skildi alveg skilaboðin frá véfréttinni sem sagði að hann ætti eftir að drepa föður sinn og gilja móður sína. Hann vissi bara ekki hver hann var og hvert hann ætti að halda og því fór sem fór.

Það er vissulega gaman að spyrja Ólaf Ragnar og geta svo rifist um það hvað hann var að segja. En þjóðin mætti alveg spyrja sjálfa sig hvort hún viti hvaðan hún kemur, hver hún er og hvort hún viti hvert hún vill fara.

Eða vill hún kannski vaða blind af græðgi og óafvitandi áleiðis í föðurvígin og sifjaspellið?


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Einelti er ógeð

Leggðu þitt af mörkum!

Setjum heilsuna í fyrsta sæti
Gerðu gæða- og verðsamanburð


IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum

REVERIE 3E Essential með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 349.900.-
REVERIE 7S Supremem með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 449.900.-
Kíktu á www.reverie.com

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum
- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

Frábær hönnun
- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

Vinsælu rafstillanlegu hvíldarstólarnir og sófarnir komnir aftur. Leður á slitflötum. Einstaklega þægilegir. Nokkrir litir.

Rafdrifinn hvíldarsófi aðeins kr. 219.900.-
Rafdrifinn hvíldarstóll aðeins kr. 119.900.-
Lyftustólinn vinsæli komin aftur
Verð aðeins kr. 109.900.-
Stillanlegir hvíldarstólar Verð frá kr. 89.900.-
Verona
Lúxus rafstillanlegur tungusófi með þykku vönduðu leðri. Hægri eða vinstri tunga.
Verð kr. 499.000.-
Kynningarverð aðeins kr. 399.200.-

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald
12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum